



UMHVERFISKÝRSLA

AÐALSKIPULAG GRUNDARFJARÐARBÆJAR

2019-2039

Júlí 2020

Aðalskipulag Grundarfjarðarbæjar
2019-2039

Umhverfisskýrsla
með tillögu til auglýsingar
skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010
og 7. mgr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006
Júlí 2020



Grundarfjarðarbær

alta

www.alta.is

A1164-088-U04

EFNISYFIRLIT

1	Inngangur	5
1.1	Hlutverk umhverfisskýrslu	5
1.2	Uppbygging skýrslunnar	5
1.3	Málsmeðferð.....	5
2	Efni og forsendur aðalskipulagstillögu	6
2.1	Efnisyfirlit og uppbygging	6
2.2	Forsendur	8
2.3	Helstu breytingar frá fyrra aðalskipulagi.....	8
3	Nálgun við umhverfismatið	12
3.1	Umhverfisþættir.....	12
3.2	Grunnur að umhverfisviðmiðum.....	13
3.3	Umhverfisviðmið og matsspurningar.....	17
3.4	Framkvæmd matsins	17
4	Umhverfismat aðalskipulagstillögunar	18
4.1	Áhrif á loft og veðurfar	18
4.2	Áhrif á vatn og sjó.....	19
4.3	Áhrif á land og sjávarbotn.....	20
4.4	Áhrif á vistkerfi.....	22
4.6	Áhrif á orkulindir	24
4.7	Áhrif á heilsu og öryggi	25
4.8	Áhrif á náttúruáhrif	26
4.9	Áhrif á menningarminjar	28
4.10	Áhrif á landslag	29
4.11	Áhrif á hagræna og félagslega þætti	31
4.12	Áhrif á útivist og íþróttir	35
4.13	Byggðarmynstur	36
4.14	Heildaráhrif aðalskipulagstillögunnar á alla umhverfisþætti	38
4.15	Vöktun.....	38
5	SAMANTEKT	39
6	Viðauki: Umhverfisviðmið	40

1 INNGANGUR

1.1 Hlutverk umhverfisskýrslu

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir umhverfismati tillögu að nýju aðalskipulagi Grundarfjarðarbæjar, í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Aðalskipulagstillagan er sett fram í skipulagsgreinargerð og á tveimur uppdráttum; sveitarfélagsuppdrætti og þéttbýlisuppdrætti. Umhverfisskýrslan er fylgiskjal með aðalskipulagstillögunni.

Tilgangur umhverfismats er að stuðla að því að við áætlanagerð og stefnumótun sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða og stuðlað að sjálfbærri þróun.¹ Í tilviki aðalskipulags snýr stefnumótunin að landnotkun, byggðapróun, byggðamynstri, samgöngu- og þjónustukerfum og umhverfismálum í sveitarfélaginu.² Mat á aðalskipulagstigi er fremur almennt í samræmi við þá almennu stefnu sem sett er fram á því skipulagsstigi til nánari úfærslu við deiliskipulagsgerð og hönnun. Nánara mat fer fram á deiliskipulagsstigi og framkvæmdastigi eftir því sem við á.

1.2 Uppbygging skýrslunnar

Umhverfisskýrslan skiptist í eftirfarandi kafla:

- Inngang um hlutverk og uppbyggingu skýrslunnar (1. kafli).
- Yfirlit yfir viðfangsefni og forsendur aðalskipulagstillögunnar og breytingar frá fyrra aðalskipulagi (2. kafli).
- Lýsingu á nálgun við umhverfismat aðalskipulagstillögunnar, þ.m.t. hvaða stefnumið eru tekin til mats og hvaða umhverfisviðmið eru notuð til að meta áhrif stefnumiðanna á tilgreinda umhverfispætti (3. kafli).
- Mat á áhrifum aðalskipulagstillögunnar (4. kafli).
- Samantekt umhverfismats (5. kafli).

1.3 Málsmeðferð

Drög að umhverfisskýrslu voru kynnt með vinnslutillögu aðalskipulags í maí 2018 og gafst íbúum og öðrum hagsmunaaðilum þá tækifæri til að kynna sér gögnin og senda inn ábendingar og athugasemdir fyrir 10. september 2018. Að loknum þeim kynningartíma var unnið úr athugasemdum og umsögnum sem bárust³, aðalskipulagstillagan mótuð frekar og umhverfisskýrslan fullunnin. Skipulags- og umhverfisnefnd Grundarfjarðar samþykkti á fundi sínum 12. september 2019 að leggja til við bæjarstjórn að aðalskipulagstillagan ásamt umhverfisskýrslu verði auglýst í samræmi við 31. gr. skipulagslaga og 7. gr. laga um umhverfismat áætlana að undangenginni athugun Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Bæjarstjórn samþykkti afgreiðslu skipulags- og umhverfisnefndar á fundi sínum 19. september 2019. Umsögn Skipulagsstofnunar barst með bréfi dags. 18. nóvember 2019. Unnið var úr umsögninni og tillagan síðan auglýst 4. desember 2019 með athugasemdafresti til 22. janúar 2020. Athugasemdir sem bárust sneru að 7 efnis-/framsetningaratriðum tillögunnar og fjallaði afgreiddi skipulags- og umhverfisnefnd um þær á fundi sínum 19. febrúar 2020 og afgreidd á fundi 1. júlí 2020. Við þá afgreiðslu voru gerðar lítilsháttar breytingar og lagfæringar sem lýst er í fundargerð nefndarinnar. Lokaafgreiðsla nefndar og bæjarstjórnar var í byrjun júlí 2020. Nánar er gerð grein fyrir ferli aðalskipulagsgerðinnar í kafla 1.8 í aðalskipulagsgreinargerð.

¹ Sbr. 1. gr. laga um umhverfismat áætlana.

² Sbr. 2. gr. skipulagslaga.

³ Sjá fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar dags. 4.9.2019.

2 EFNI OG FORSENDUR AÐALSKIPULAGSTILLÖGU

2.1 Efnisyfirlit og uppbygging

Í framlagðri tillögu að nýju aðalskipulagi fyrir Grundarfjörð er sett fram framtíðarsýn og stefna um þróun sveitarfélagsins m.t.t. byggðar og samfélags, umhverfis og auðlinda, atvinnulífs og grunnkerfa, sbr. efnisyfirlitið að neðan. Sett eru fram markmið fyrir hvert þessara viðfangsefna og þau útfærð m.t.t. landnotkunar og mannvirkjagerðar eftir landnotkunarflokkum skipulagsreglugerðar. Auk stefnu um framangreinda efnisflokka er settur fram svokallaður rammahluti aðalskipulags⁴ sem fjallar um kjarna Grundarfjarðar; miðbæinn, hafnarsvæðið og athafnasvæðið á Framnesi.

Efnisyfirlit aðalskipulagstillögu	
FORSENDUR	
1. INNGANGUR	2. STAÐA OG ÞRÓUN
1.1 Ákvörðun um endurskoðun	2.1 Staðhættir
1.2 Skipulagssvæðið	2.2 Staðarandi
1.3 Hlutverk aðalskipulagsins	2.3 Lýðfræðileg þróun
1.4 Tengsl við aðrar áætlanir	2.4 Atvinnuþróun
1.5 Leiðarljós fyrir aðalskipulagið	2.5 Húsnæðisgreining
1.6 Skipulagsgögn og framsetning	2.6 Áætlun um framtíðarþróun
1.7 Umsjón	
1.8 Skipulagsferlið	
1.9 Helstu breytingar frá fyrra aðalskipulagi	
STEFNA	
3. FRAMTÍÐARSÝN	
Málaflokkar	Landnotkunarflokkar skipulagsreglugerðar sem eru til umfjöllunar í hverjum kafla að neðan
4. BYGGÐ OG SAMFÉLAG	Íbúðarsvæði – ÍB
4.1 Íbúðir	Íbúðir á landbúnaðarsvæðum – L
4.2 Samfélagsþjónusta og menning	Svæði fyrir samfélagsþjónustu – S
4.3 Fararmáti og útivistarmöguleikar	Göngu- og hjólaleiðir – VE
4.4 Byggingar og almenningsrými	Íþróttasvæði (golfvöllur) – ÍÞ
4.5 Frístundahús og frístundabyggð	Opin svæði – OP
	Afþreyingar- og ferðamannasvæði – AF
	Hverfisverndarsvæði – HV
	Minjavernd - MV
	Göturými og bílastæði – VE

⁴ Sbr. 17. lið 2. gr. skipulagslaga: Rammahluti er sá hluti aðalskipulags þar sem útfærð eru ákveðin afmörkuð svæði sveitarfélagsins með það að markmiði að ákvarða nánar landnotkun, svo sem um meginþætti þjónustukerfa og að afmarka byggingarsvæði eða áfanga deiliskipulagsáætlaða.

	Svæði fyrir frístundabyggð - F Afþreyingar- og ferðamannasvæði - AF
5. UMHVERFI OG AUÐLINDIR 5.1 Landslag, lífríki og minjar 5.2 Yfirborðsvatn, grunnvatn og strandsjór 5.3 Jarðefni 5.4 Úrgangur 5.5 Öryggi íbúa og mannvirkja	Óbyggð svæði – ÓB Landbúnaðarsvæði – L Hverfisverndarsvæði – HV Friðlýst svæði – FS Önnur náttúruvernd – ÖN Vötn, ár og sjór – V Vatnsból og grann- og fjarsvæði – VB, VG og VF Haf- og strandsvæði – SN og ST Efnistöku- og efnislosunarsvæði – E Iðnaðarsvæði (fyrir úrgang) – I Náttúruvá og varúðarsvæði – NV og VA
6. ATVINNA 6.1 Athafnalíf 6.2 Verslun og þjónustu 6.3 Ferðaþjónusta 6.4 Landbúnaður	Athafnasvæði - AT Iðnaðarsvæði - I Hafnarsvæði - H Miðsvæði - M Verslunar- og þjónustusvæði - VP Afþreyingar- og ferðamannasvæði - AF Gististaðir í íbúðarbyggð – ÍB Landbúnaðarsvæði - L Óbyggð svæði - ÓB
7. GRUNNKERFI 7.1 Vega- og gatnakerfi 7.2 Útivistarleiðir 7.3 Höfn 7.4 Veitur og fjarskipti 7.5 Flugvöllur	Stofnbrautir / Stofnvegir - VE Tengibrautir / Tengivegir - VE Aðrar götur / Aðrir vegir - VE Stofnleiðir - VE Aðrar leiðir – VE Hafnir – H Hitaveita - VH Vatnsveita - VH Rafveita - VH Fráveita - VH Fjarskipti – VH Flugvöllur - FV

8. RAMMAHLUTI: KJARNI GRUNDARFJARÐAR 8.1 Miðbær 8.2 Hafnarsvæði 8.3 Framnes	Miðsvæði – M Hafnarsvæði – H Athafnasvæði – A
9. UMHVERFISSKÝRSLA OG HEIMILDASKRÁ	
VIÐAUKI: Vegaskrá	

2.2 Forsendur

Gerð er grein fyrir helstu almennum forsendum aðalskipulagsgerðarinnar í 2. kafla skipulagsgreinargerðar, þ.e. varðandi staðhætti, lýðfræðilega þróun, atvinnuþróun og húsnæðisþróun. Á þeim grunni er sett fram áætlun um líklega íbúaþróun og eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði á skipulagstímabilinu. Um forsendur hvers viðfangsefnis er fjallað í undirköflum 4.-8. kafla aðalskipulagsgreinargerðar. Vísað er til þessara kafla hvað varðar upplýsingar um stöðu og þróun í sveitarfélaginu, bæði m.t.t. umhverfis og samfélags. Um forsendur þeirra stefnumiða sem tekin eru til umhverfismats er fjallað í 3. kafla þessarar umhverfisskýrslu.

2.3 Helstu breytingar frá fyrra aðalskipulagi

Í tillögu að nýju aðalskipulagi eru helstu breytingar frá fyrra aðalskipulagi þessar:

A. Leiðarljós og framtíðarsýn

- Sett eru fram leiðarljós fyrir aðalskipulagið og framfylgd þess (kafla 1.5) og framtíðarsýn (kafla 3).

B. Íbúðarsvæði

- Gert er ráð fyrir betri nýtingu svæða í þéttbýli, m.a. með því að bæta við lóðum innan íbúðarsvæða og á jöðrum þeirra, til viðbótar við tvö íbúðarhverfi sem afmörkuð voru í fyrra aðalskipulagi en hafa ekki verið byggð; annars vegar ÍB-6, vestast í bænum og hins vegar syðri hluti ÍB-5, svæði ofan/sunnan Ölkelduvegar.
- Skilgreind er heildstæðari uppbygging í miðbæ og m.a. gert ráð fyrir fjölgun íbúða þar í bland við þjónustustarfsemi.
- Sett er fram stefna um gististaði innan íbúðarsvæða.

C. Atvinnusvæði og grunnkerfi þeim tengd

- Meginuppbyggingu atvinnustarfsemi er beint í þéttbýli, ef frá er talinn landbúnaður, aukabúgreinar og ferðaþjónusta. Í þéttbýli er ferðaþjónustu einkum beint í miðbæ og á Framnes fremur en jaðra bæjarins.
- Á skipulagstímabilinu er gert ráð fyrir stækkun hafnarsvæðis og auknu athafnarými við Norðurgarð sem verið er að lengja. Einnig er gert ráð fyrir stækkun landfyllingar á suðursvæði í tengslum við nýja vegtengingu (framlengingu Nesveggar). Stækkunin er til að mæta þróun sem felst í að skip stækka og rista dýpra, og til að tryggja möguleika Grundarfjarðarhafnar til að eflast.
- Landnotkun á Framnesi er breytt úr iðnaðarsvæði í athafnasvæði, með heimild til uppbyggingar ferðaþjónustu.

- Iðnaðarsvæði I-1, vestan Kvernár, er stækkað til suðurs og vesturs. Stækkunin er til komin m.a. með því að hluti efnistökusvæðis vestan við svæðið er nú fullnýtt, gengið hefur verið frá því (og verður gengið frá því enn frekar) og sá hluti lagður undir iðnaðarsvæðið sem viðbót við það, eins og til stóð skv. skipulagsbreytingu árið 2000. Ennfremur er stækkunin hugsuð til þess að mæta breytingum sem felast í því að iðnaðarsvæði á Framnesi er gert að athafnasvæði og auk þess til að sjá til þess að nægur fjöldi iðnaðarlóða sé tiltækur. Einnig er verið að tengja iðnaðarsvæðið við nýtt iðnaðarsvæði nokkru sunnar, sem kom inn með aðalskipulagsbreytingu og nýju deiliskipulagi 2015 vegna byggingar aðveitustöðvar og til að mynda heildstætt svæði úr þeim.
- Afmarkað er verslunar- og þjónustusvæði á Skerðingsstöðum þar sem gert er ráð fyrir hótélbyggingu og stakstæðum bústöðum.
- Afmarkað er verslunar- og þjónustusvæði á Þórdísarstöðum þar sem gert er ráð fyrir gistrými í smáhýsum og þjónustu- og veitingahúsi.
- Hellnafelli og svæðinu umhverfis, vestast í þéttbýlinu, er breytt í afþreyingar- og ferðamannasvæði þar sem gert er ráð fyrir móttöku ferðafólks og létttri ferðaþjónustu, auk þess íbúðarhúss sem er á reitnum. Svæðið var áður skilgreint sem íbúðarsvæði og óbyggt svæði.
- Skilgreind er heildstæðari uppbygging í miðbæ og m.a. gert ráð fyrir aukinni þjónustustarfsemi þar í bland við íbúðir og með góðum tengslum við höfn og athafna- og ferðaþjónustusvæði á Framnesi.
- Mörk miðbæjar eru færð upp fyrir Sögumiðstöð á milli Eyrarvegar og Hrannarstígs. Einnig bætist reitur austan við Sögumiðstöðina, á milli Hamrahlíðar og Grundargötu, við miðbæinn. Reitirnir voru skilgreindir sem íbúðarsvæði í fyrra aðalskipulagi.
- Áskilinn er forkaupsréttur að tveimur fasteignum í miðbæ, í þeim tilgangi að greiða fyrir heildstæðri uppbyggingu í miðbæ og hagstæðri þróun og nýtingu miðsvæðis.
- Sett er fram stefna um að Hrannarstígur verði gönguvæn miðbæjargata og að þungaumferð af Grundargötu að höfn flytjist á Borgarbraut og framlengdan Nesveg. Nesvegur verði tengibraut sem létti á Grundargötu, en það hefur reyndar verið inni í aðalskipulagi síðan 1969. Samkvæmt fyrri aðalskipulagsbreytingu tengjast Sólvellir við Nesveg og svo niður á hafnarsvæði, neðan hótels, austan Nesvegar. Það léttir líka á umferð sem áður fór um Hrannarstíg. Fyrirkomulag verði nánar útfært í deiliskipulagi eða með hönnun gatna, en þungaflutningum verður ekki beint á Borgarbraut fyrr þeirri vinnu er lokið.
- Iðnaðarsvæði í Hraunfirði er tekið út að beiðni landeigenda en þar var áður gert ráð fyrir fiskeldi.
- Einnig er tekið út lítið hafnarsvæði í Kolgrafafirði (ekki framkvæmt) þar sem ekki er lengur gert ráð fyrir kræklingarækt í firðinum.

D. Landnotkun í dreifbýli

- Afmörkun landbúnaðarsvæðis er breytt þannig að það nær til alls lands neðan 200 m hæðarlínu, þó með undantekningu á nokkrum stöðum þar sem eðlilegra þykir að landnotkun falli undir óbyggð svæði vegna landslags eða náttúrufars. Í fyrra aðalskipulagi var einingis ræktað land skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Afmörkunin nú er því rýmri en áður.
- Sett er fram stefna um að ýmsar aukabúgreinar séu heimilar á landbúnaðarsvæðum – innan tilgreindra marka, s.s. gisti-/ferðaþjónusta, heimarafstöðvar, smávirkanir, smáíðnaður, fiskeldi og mannvirki í smáum stíl fyrir fjarskipti og orkuflutning.
- Áfram er gert ráð fyrir að reisa megi allt að 5 stök frístundahús en bætt við að reisa megi 2 stök íbúðarhús, án tengsla við landbúnað, á hverri jörð innan skilgreinds svæðis fyrir landbúnaðarnotkun. Miðað er við jarðir eins og þær voru við staðfestingu

Aðalskipulags Grundarfjarðarbæjar 2019-2039. Lóðir og landskikar sem áður tilheyrðu viðkomandi jörðum teljast hluti af jörðinni m.t.t. fjölda stakra íbúðarhúsa án tengsla við búskap og frístundahúsa sem eru heimil á hverri jörð. Kort Nyttjaland árið 2006 verði haft til viðmiðunar. Tekið er fram að aðalskipulagið tekur ekki til jarðamarka, heldur eru þau til skýringar. Sett er fram stefna um að ný stök íbúðarhús og frístundahús falli vel að þeirri byggð sem fyrir er á jörðinni, gangi ekki gegn annarri stefnu aðalskipulagsins og séu í samræmi við deiliskipulag. Við bætist einnig stefna um að ný stök íbúðarhús án tengsla við búrekstur á viðkomandi jörð, skulu, eftir því sem við verður komið, nýta heimreið jarðarinnar og vera í tengslum og samhengi við aðra byggð þannig að sorphirða og önnur tilskylin þjónsuta verði sem hagkvæmust. Markmiðið er að fjölga ekki tengingum við þjóðveg og að þjónusta við ný hús tengist þeirri þjónustu sem þegar er veitt. Vandað verði til hönnunar húsa og stuðlað að því að þau skírskoti til einkenna svæðisins hvað varðar form, liti og efni. Stefnan miðar við jarðamörk eins og þau voru við staðfestingu Aðalskipulags Grundarfjarðarbæjar 2019-2039. Í fyrra aðalskipulagi var heimild fyrir allt að 5 stökum frístundahúsum á hverri jörð en ekki var sett fram stefna um stök íbúðarhús að öðru leyti en að sett var fram markmið um varðveislu byggðamynsturs, aðlögun bygginga að landslagi og byggingarhefðum og að ekki yrðu skert gæði landslags eða vistkerfi svæðisins.

- Gert er ráð fyrir stækkun nokkurra svæða fyrir frístundabyggð og þremur nýjum svæðum.
- Stefna um efnistökusvæði var yfirfarin og settar málsmæðferðarreglur/kröfur til framkvæmdaleyfisveitinga. Nokkur svæði voru felld út.
- Efnislosunarsvæði er skilgreint í Kolgrafafirði.
- Förgunarsvæði í Kolgrafafirði er lokað.

E. Opin svæði, ferðaleiðir og orlofsbyggð

- Ferðaleiðir fyrir gangandi og hjólandi eru skilgreindar nánar en í fyrra aðalskipulagi. Lagðar eru til viðbótar hjólaeiðir en gönguleiðum í dreifbýli er fækkað þannig að þær taki fyrst og fremst til megingönguleiða á milli einstakra hluta sveitarfélagsins og tenginga við önnur sveitarfélög en ekki styttri innansveitarleiða. Meginreiðleið er breytt lítillega fyrir ofan þéttbýlið til samræmi við núverandi legu og leið um Hjarðarból er færð niður að þjóðvegi þar sem um meginleið er að ræða sem gera má ráð fyrir að sé tæk til reiðvegagerðar og styrkhæf hjá Vegagerðinni.
- Sett er fram stefna um gönguvænan Grundarfjörð og stígakerfi í þéttbýli er skerpt í þeim tilgangi, þ.m.t. m.t.t. tenginga við græn svæði. Í sama tilgangi er gert ráð fyrir hjólastæðum og breikkun gangstétta. Einnig gert ráð fyrir skýrari afmörkun göturýma og að umferðarhraða verði haldið niðri.
- Sett er fram nánari skilgreining á hlutverki opinna svæða í þéttbýli en í fyrra aðalskipulagi, þ.m.t. stefna um útikennslustofu í Þríhyrningi. Svæði ofan og umhverfis þéttbýlið er skilgreint sem samfelldur útivistarkragi. Fyrir hann verði unnið heildarskipulag sem miðar að því að skapa skjól með trjárækt og öðrum gróðri og bæta útivistaraðstöðu með stígum, bekkjum og annarri aðstöðu sem hæfa þykir.
- Mörkum golfvallar er breytt lítillega, sömuleiðis skíðasvæðis og gert er ráð fyrir nýju skíðasvæði við Eldhamra.
- Ofan þéttbýlismarka í Grundarfirði er gert ráð fyrir nýju rúmlega 10 ha frístundabyggðarsvæði á landi sem er í eigu sveitarfélagsins. Á svæðinu rúmast um 50 2000 m² lóðir en gert er ráð fyrir að stærð og fyrirkomulag lóð og endanlegur fjöldi bústaða verði ákveðinn í deiliskipulagi. Svæðið er hugsað fyrir orlofshús í tengslum við nýtt skíðasvæði við Eldhamra og mun nýta sama aðkomuveg og skíðasvæðið.
- Afmarkað er nýtt fjárhúsasvæði fyrir frístundabúskap með sauðfé ofan núverandi hesthústasvæði sem skilgreint er fyrir hestahald eingöngu

- Afmarkaður er samfelld útivistarsvæði ofan þéttbýlis og sett fram stefna um að unnið verði heildarskipulag fyrir það sem miðar að því að skapa skjól með trjárækt og öðrum gróðri og bæta útivistaraðstöðu með stígum, bekkjum og annarri aðstöðu sem hæfa þykir. Haldið verði áfram með frekari skógrækt ofan byggðarinnar suður og austur af núverandi skógræktarsvæði. Markmiðið ræktunar er að auka skjól fyrir byggðina og gera aðlaðandi útivistarsvæði sem verði opið fyrir íbúa og gesti. Á Grafarlandi verði áfram hefðbundin landbúnaðarnot eins og verið hafa af hálfu eigenda/ábúenda Grafarbæja, en við mótun heildarskipulags fyrir útivistarkragann verði kannað verði hvort og hvernig megi opna svæðið að hluta fyrir almenna útivist.

F. Grunnkerfi

- Sett er fram stefna um að blágrænar ofanvatnslausnir verði innleiddar í þéttbýlinu, sem miða að því að veita ofanvatni á náttúrulegan hátt niður í jarðveginn, í stað þess að veita því eingöngu í hið hefðbundna fráveitukerfi. Mótað verði skipulag slíkra lausna fyrir þéttbýlið og það fest sem rammahluti aðalskipulags eftir því sem við á.
- Sett er fram stefna um að hafin verði leit að varavatnsbóli fyrir þéttbýlið og að skilgreint verði vatnsverndarsvæði umhverfis það.
- Svæði flugvallar er stækkað þannig að það nái til fyrirhugaðra þjónustubygginga þar.
- Bryggja (hafnarsvæði) í Kolgrafafirði er felld út.
- Sett er fram stefna um að lokið verði við Framsveitarveg með tengingu við Kolgrafafjörð.
- Sett eru fram viðmið um bílastæðakröfur í þéttbýlinu.
- Gert er ráð fyrir nýjum vegi að nýju skíðasvæði ofan þéttbýlis.
- Tillaga að skrá um vegi, aðra en þjóðvegi, innan marka sveitarfélagsins er sett fram á stafrænu formi til samþykktar samhliða afgreiðslu aðalskipulagsins, í samræmi við reglugerð nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands samkvæmt lögum um náttúruvernd.

G. Takmarkanir á landnotkun

- Hverfisverndarsvæði á Kirkjufelli er felld út en sett inn skýrari stefna um verndun ásynðar þess.
- Stefna fyrra aðalskipulags um hverfisverndarsvæði í Kolgrafafirði, er fest í sessi með afmörkun svæðis.
- Sett er fram stefna um stækkun brunnsvæðis vatnsbóls Grundarfjarðar. Einnig er gert ráð fyrir að varasvæði fyrir vatnsöflun verði skilgreint á skipulagstímabilinu.

H. Rammahluti

- Settur er fram rammahluti fyrir kjarna þéttbýlisins; miðbæ, hafnarsvæði og Framnes (svæðið úti á Nesi), sem lýsir ítarlegri stefnu um framtíðarnotkun og þróun þess svæðis, til nánari útfærslu í deiliskipulagi. Í stefnu fyrir kjarnann er fjallað um landnotkun og blöndun hennar, gerð húsnæðis, yfirbragð byggðar, umferðarskipulag og fyrirkomulag almenningsrýma. Settar eru fram skýringarmyndir til að lýsa möguleikum til nánari umfjöllunar og mótunar við deiliskipulagsgerð.

I. Aðrar breytingar

- Skipulagsuppdættir eru settir fram í samræmi við skipulagsreglugerð sem nú gildir en framsetning er nokkuð frábrugðin fyrri reglugerð.
- Dregin eru mörk þéttbýlis en þau voru ekki sérstaklega dregin í fyrra aðalskipulagi. Við afmörkunina var tekið mið af skilgreiningu skipulagsreglugerðar á þéttbýli sem miðar við þyrpingu húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra.

- Strandlína er dregin samkvæmt kortagögnum frá Landmælingum Íslands og er hún ekki alveg í samræmi við þá línu sem notuð var í fyrra aðalskipulagi.
- Skipulagsmörk til sjávar eru dregin við 115 m frá strandlínu, en lögsaga sveitarfélaga nær til 115 m utan við stórstraumsfjöruborð (netlög).

3 NÁLGUN VIÐ UMHVERFISMATIÐ

3.1 Umhverfispættir

Áhrif aðalskipulagstillögunnar á umhverfið voru metin m.t.t. neðangreindra umhverfispátta sem tilgreindir eru í lögum um umhverfismat áætlaða. Skilgreining umhverfispátta og undirpátta þeirra byggir einnig á leiðbeiningum Skipulagsstofnunar (2007) og lista sem þróaður var við gerð svæðisskipulags Snæfellsness.

Umhverfispættir sem umhverfismatið nær til	
Umhverfispáttur	Undirpáttur
Andrúmsloft og veðurfar	Gróðurhúsaáhrif
Yfirborðsvatn, grunnvatn, strandsvæði	Vatnsgæði og vatnsbúskapur, strandsjór
Land og sjávarbotn	Jarðmyndanir, jarðvegur, jarðhitasvæði
Vistkerfi	Vistgerðir og/eða búsvæði, gróðurfar og dýralíf, líffræðileg fjölbreytni
Orkulindir	Endurnýjanlegir orkugjafar, orkunýtni og eldsneytissparnaður, notkun jarðefnaeldsneytis
Heilsa og öryggi	Heilsufar íbúa, náttúruvá, umferðaröryggi og slyshætta, matvælaöryggi
Náttúruminjar	Friðlýst svæði, svæði í Náttúruverndaráætlun, svæði háð 37. gr. laga um náttúruvernd, svæði sem njóta hverfisverndar, önnur svæði á náttúruminjakrá, aðrar náttúruminjar
Menningarminjar	Friðlýstar og aðrar fornleifar, friðuð hús, minjar sem njóta hverfisverndar, önnur menningarverðmæti
Náttúrulegt landslag	Víðerni, ósnortið/náttúrulegt yfirbragð, fjölbreytileiki landslags og andstæður í landslagi, sérstaða/fágæti
Menningarlandslag	Saga/sögulegt gildi, landnýting
Hagrænir og félagslegir þættir	Atvinnulíf, íbúapróun, þjónusta, samgöngur, fjarskipti
Útivist og íþróttir	Aðgengi og möguleikar til útivistar
Byggðarmynstur og yfirbragð byggðar	Einkenni byggðar, s.s. þéttleiki og yfirbragð, tengsl við þjónustu og opin svæði

3.2 Grunnur að umhverfisviðmiðum

Með hugtakinu umhverfisviðmið er átt við þá stefnu sem umhverfisáhrif stefnu eru borin saman við, til að geta tekið afstöðu til þess hvort viðkomandi stefnumið sé talið hafa æskileg eða óæskileg áhrif, veruleg eða óveruleg (Skipulagsstofnun 2007). Val á umhverfisviðmiðum fyrir umhverfisþætti byggir á alþjóðlegum og evrópskum samþykktum, áætlunum ríkisins á landsvísi og áætlunum og stefnu á svæðisvísi. Listi yfir þessar áætlanir/stefnuskjöl er hér að neðan ásamt stutttri lýsinu á tengslum við aðalskipulagsgerðina. Í viðauka umhverfisskýrslunnar eru síðan dregin fram þau viðmið sem notuð eru í umhverfismatinu. Lýsing á stefnumiðum í neðangreindum áætlunum og stefnuskjöllum sem varðar aðalskipulagið tekur mið af skipulagsstigi og er frumtexti styttr í sumum tilvikum en leitast er við að halda í efnislega merkingu. Vísað er til frumtexta varðandi nákvæmt orðalag.

Alþjóðlegar og evrópskar samþykktir

Markmið og ákvæði eftirfarandi alþjóðlegra og evrópskra samþykpta eru grunnur að umhverfisviðmið fyrir umhverfismat tillögunnar.

Stefnuskjöl á alþjóðavísu	
Stefnuskjal	Stefna sem varðar aðalskipulagið
Alþjóðasamþykkt um fuglavernd, (París 1950).	Allir villtir fuglar skulu verndaðir. Stjórnvöld mega veita undanþágu frá þessari almennu reglu í þágu vísinda og menntunar, og hvað varðar vargfugla.
Landslagssamningur Evrópu, (Florence 2000).	Markmið samningsins eru að stuðla að verndun, stýringu og skipulagi landslags ásamt því að koma á fót evrópsku samstarfi um landslag. Samningurinn inniheldur m.a. almenn ákvæði um fjögur meginatriði: - Að veita landslagi ákveðinn sess í lögum og viðurkenna mikilvægi þess í umhverfi landsins. - Að móta og framfylgja stefnu um landslag sem miðar að verndun, nýtingu og skipulagi þess. - Að tryggja aðkomu almennings o.fl. að mótun stefnu um landslag. - Að huga að landslagi við aðra stefnumótun, svo sem í stefnu um byggðabróun, menningarmál, landbúnað, félagsmál og efnahagsmál.
Samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf, (Ramsar 1971).	Markmið samningsins er að stuðla að verndun og skynsamlegri nýtingu votlendissvæða í heiminum, sérstaklega sem lífsvæði fyrir votlendisfugla. Ekkert svæði á Snæfellsnesi hefur verið tilnefnt á skrá samningsins yfir alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði.
Samningur um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu, (Bern 1979).	Gera ber nauðsynlegar ráðstafanir til að viðhalda, eða aðlaga, stofnstærð villtra dýra og plantna, í samræmi við vistfræðilegar, vísindalegar og menningarlegar kröfur.
Samningur um líffræðilega fjölbreytni, (Río 1992).	Stuðla ber að verndun og sjálfbærri notkun líffræðilegrar fjölbreytni.
Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna	Stemmt verði stigu við auknum gróðurhúsaáhrifum með því að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda af manna völdum og

um loftslagsbreytingar, (Río de Janeiro 1992).	vernda og auka viðtaka og geyma (þ.e. lífmassa, skóga, höf og önnur vistkerfi á landi, á ströndum og í hafi) fyrir gróðurhúsalofttegundir.
Samningur um verndun menningar- og náttúruarfleifðar0 heimsins, (C 42/1995).	Skylda aðildarríkis til að skilgreina, vernda, varðveita, kynna og miðla til komandi kynslóða menningar- og náttúruarfleifð sem hefur sérstakt alþjóðlegt gildi og er á yfirráðasvæði þess.

Áætlanir og stefna á landsvísu eða á vegum ríkisins

Markmið og ákvæði eftirfarandi stefnuskjala þjóna sem umhverfisviðmið fyrir umhverfismat tillögunnar.

Stefnuskjöl á landsvísu	
Stefnuskjal	Stefna sem varðar aðalskipulagið
Þingsályktun um landsskipulagsstefnu 2015-2016 (Alþingi, 2016)	Í henni er sett fram stefna um hvernig stjórnvöld skuli vinna að skipulagsmálum og byggir hún á fjórum leiðarljósum: Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun. Að skipulag byggðar og landnotkunar sé sveigjanlegt og stuðli að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum. Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að lífsgæðum fólks. Að skipulag byggðar og landnotkunar styðji samkeppnishæfni landsins alls og einstakra landshluta.
Þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2014–2017, (Alþingi 2014).	Meginmarkmið með framkvæmd áætlunarinnar verði að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna lífskjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um land allt. Sérstök áhersla verði lögð á stuðning við svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf. Þá verði lögð áhersla á að aðgerðir samkvæmt áætluninni stuðli að auknu jafnrétti kynjanna.
Samgönguáætlun 2011-2022, þingsályktun, (Alþingi 2012).	Áætlunin setur fram áherslur sem stuðla eiga að markmiðum um greiðar, hagkvæmar, umhverfislega sjálfbærar og öruggar samgöngur.
Þingsályktun um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2011–2014, (Alþingi 2012).	Í áætluninni eru skilgreind verkefni og framkvæmdir sem veitt er fjármagn til innan ramma stefnumótandi samgönguáætlunar 2011–2022.
Þingsályktun um Fjarskiptaáætlun 2011-2022, (Alþingi 2012).	Áætlunin skilgreinir leiðir að markmiðum um aðgengileg, greið, hagkvæm, skilvirk, örugg og umhverfisvæn fjarskipti.
Ferðamálaáætlun 2011-2020, þingsályktun, (Alþingi 2011).	Í áætluninni eru eftirfarandi meginmarkmið: - Að auka arðsemi atvinnugreinarinnar - Að standa að markvissri uppbyggingu áfangastaða, öflugri vöruþróun og kynningarstarfi til að skapa tækifæri til að lengja

	ferðamannatímabilið um land allt, minnka árstíðasveiflu og stuðla að betri dreifingu ferðamanna um landið - Að auka gæði, fagmennsku, öryggi og umhverfisvitund ferðabjónustunnar - Að skilgreina og viðhalda sérstöðu Íslands sem áfangastaðar ferðamanna, m.a. með öfluggu greiningar- og rannsóknarstarfi.
Pingsályktun um náttúruverndaráætlun 2004–2008, (Alþingi 2004).	Engar tillögur innan Grundarfjarðar.
Náttúruverndaráætlun 2009–2013, (Alþingi 2009).	Engar tillögur innan Grundarfjarðar.
Náttúruminjaskrá, (Náttúruverndarráð 1996).	Á Náttúruminjaskrá eru friðlýst svæði og aðrar náttúruminjar. Um friðlýst svæði gilda reglur sem auglýstar hafa verið í Stjórnartíðindum og setja hömlur á athafnir innan svæðanna sem taka þarf tillit til við gerð aðalskipulags. Um aðrar náttúruminjar á náttúruminjaskrá gildir að leita skal umsagnar og tilkynna Umhverfisstofnun um framkvæmdir þar sem hætta er á að þeim verði spillt.
Líffræðileg fjölbreytni. Stefnumörkun Íslands um framkvæmd Samningsins um líffræðilega fjölbreytni, (Ríkisstjórn Íslands 2008).	Stefnan miðar að því að vernda og endurheimta líffræðilega fjölbreytni Íslands og koma í veg fyrir frekari skerðingu hennar, tryggja sjálfbæra nýtingu lífríkisins og endurheimta þá þætti þess sem spillt hafa eða horfið vegna umsvifa mannsins.
Stefnumörkun í loftslagsmálum, (Umhverfiráðuneytið 2008).	Íslensk stjórnvöld munu standa við alþjóðlegar skuldbindingar sínar innan ramma Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna og Kyoto-bókunarinnar. Leitað verður allra hagkvæmra leiða til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda. Markvisst verður stuðlað að samdrætti í notkun jarðefnaeldsneytis, en þess í stað nýtt endurnýjanleg orka og loftslagsvænt eldsneyti. Stuðlað verður að aukinni bindingu kolefnis úr andrúmslofti með skógrækt og landgræðslu, endurheimt votlendis og breyttri landnotkun. Undirbúin verður aðlögun að loftslagsbreytingum jafnhliða því sem leitað verður leiða til að draga úr hraða þeirra og styrkleika.
Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2010–2020 (Ríkisstjórn 2010)	Aðgerðaáætluninni er ætlað að draga úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi í því skyni að standa við stefnu stjórnvalda og skuldbindingar í loftslagsmálum. Þær aðgerðir sem varða aðalskipulag eru: Efling göngu, hjólríða og almenningssamgangna sem valkosts í samgöngum.

	Aukin skógrækt og landgræðsla. Endurheimt votlendis.
Vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga. Skýrsla og tillögur nefndar, (Umhverfissráðuneytið 2007).	Í skýrslunni er lagt til að beitarstýring verði aukin, unnið verði að friðun birkiskóga og að sett verði opinbert markmið um að birkiskógar þeki í framtíðinni 10% af flatarmáli landsins og að birki verði gróðursett í auknum mæli á skógræktarsvæðum þar sem lögð hefur verið áhersla á innfluttar tegundir. Lagt er til að rannsóknir á íslenskum birkiskógum verði eflaðar, að fræðsla um gildi birkiskóga verði aukin og að gefnar verði út leiðbeiningar um hvernig forðast má eða draga úr röskun birkiskóga í tengslum við framkvæmdir.
Þingsályktun um Landgræðsluáætlun 2003-2014	Markmið landgræðslustarfs séu: Að stöðva hraðfara jarðvegsrof og gróðureyðingu og fyrirbyggja frekari eyðingu og landspjöll. Að byggja upp gróður og jarðveg í samræmi við gróðurskilyrði og landnýtingarþörf. Að öll landnýting verði sjálfbær. Að binda kolefni í gróðri og jarðvegi til mótvægis við losun gróðurhúsalofttegunda.

Áætlanir og stefna á svæðisvísu

Eftirfarandi stefnuskjöl á svæðisvísu eru lögð til grundvallar umhverfismati tillögunnar.

Stefnuskjöl á svæðisvísu	
Stefnuskjal	Stefna sem varðar aðalskipulagið
Svæðisskipulag Snæfellsness 2014-2026	Svæðisskipulagið markar sameiginlega framtíðarsýn og stefnu sveitarfélaganna fimm á Snæfellsnesi, um umhverfi, atvinnulíf og þekkingu á svæðinu. Sett eru fram markmið fyrir sex þemu og leiðir að þeim markmiðum.
Sóknaráætlun Vesturlands	Sóknaráætlanir landshluta eru hluti af nýrri byggðastefnu í þeim eru skilgreind verkefni á svæðisvísu. SSV heldur utan um sóknaráætlun Vesturlands og hefur lagt fram stefnu til ársins 2020 þar sem settar eru megináherslur atvinnumál og nýsköpun, mennta- og menningarmál og skilgreind markmið og aðgerðir á þeim sviðum. Framkvæmdaráð hefur samþykkt að leggja til þrjú meginverkefni: - Efling matvælaíðnaðar og ferðaþjónustu á Vesturlandi. - Hækkun þekkingarstigs og samstarf atvinnulífs og menntastofnana. - Efling ímyndar Vesturlands.
Vernd Breiðafjarðar	Tilgangur laga um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995 er að vernda landslag, jarðmyndanir, lífríki og menningarminjar í Breiðafirði. Lögin varða Breiðafjörðinn allan og Snæfellsnes að norðanverðu.

	Lögin kveða á um gerð verndaráætlunar og kom Verndaráætlun Breiðafjarðar 2000-2004 út 10. október 2001. Endurskoðun verndaráætlunar hefur verið í deiglu sýðustu árin en er ekki lokið.
Umhverfissvottað Snæfellsnes	Að umhverfissvottuninni (Earth Check, áður Green Globe) standa sveitarfélögin á Snæfellsnesi og Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull. Verkefnið felur í sér staðal og vottunarkerfi sem byggir á ábyrgri stjórnun og sjálfbærri þróun. Kerfið setur ramma til að mæla frammistöðu og vinna að úrbótum. Fyrir liggur Framkvæmdaaáætlun Snæfellsness 2018-2022.

3.3 Umhverfisviðmið og matsspurningar

Út frá stefnuskjöllum og áætlunum í kafla 3.2 var unninn listi yfir *umhverfisviðmið* fyrir hvern *umhverfispátt*. Á grunni þeirra *viðmiða* voru settar fram *matsspurningar* til að athuga hvort stefna aðalskipulagstillögunnar er í samræmi við viðmiðin (sjá viðauka). Ef svar við matsspurningunni er *jákvætt* telst tillagan vera í *samræmi* við viðmiðin og hafa jákvæð áhrif, en ef svarið er *neikvætt* er tillagan í *ósamræmi* við viðmiðin og áhrifn teljast þá neikvæð. Í viðauka er tafla yfir umhverfisviðmiðin og matsspurningar sem unnar voru út frá þeim en í umfjöllun um áhrif á hvern umhverfispátt í 4. kafla eru viðeigandi matsspurningar birtar. Undir hverjum umhverfispætti eru dregin fram þau stefnumið skipulagstillögunar sem talin eru geta haft áhrif á þáttinn og gerð grein fyrir mati á samræmi/ósamræmi við umhverfisviðmið.

Uppbygging lista í viðauka, yfir viðmið og matsspurningar					
Umhverfispáttur og undirþættir					
Viðmið	Vísað er í eftirtalda flokka áætlana með skammstöfunum: • AES: Alþjóðasamningar og evrópskar samþykktir. • LSK: Landsskipulagsstefna • ÖSL: Önnur stefna á landsvísu (önnur en LSK) • SSK: Svæðisskipulag Snæfellsness 2014-2026. • ÖSSV: Önnur stefna á svæðisvísu. Aðeins eru tekin með þau viðmið sem talin eru varða efni og umfang aðalskipulagstillögunnar.				
Mats-spurningar	Í þessum reit eru settar fram spurningar út frá viðmiðunum. Samræmi við viðmið telst vera jákvæð áhrif en ósamræmi neikvæð áhrif. Ef hvorki er talið samræmi né ósamræmi er svarið hvorki né (hv.né).	já, verul.	já, óverul.	nei	hv.né

3.4 Framkvæmd matsins

Skipulagsráðgjafar unnu drög að umhverfismati sem kynnt var með vinnslutillögu maí-september 2018. Matið var síðan fullunnið með skipulagsnefnd eftir kynningartíma vinnslutillögu. Ítrekað er að matið er almennt fremur en nákvæmt í samræmi við þá skipulagsstig sem aðalskipulag er og í samræmi við þau umhverfisviðmið sem notuð eru. Lögð er áhersla á að draga fram hvernig hvernig tekið er tilliti til umhverfismála í aðalskipulagstillögunni með því að draga fram þá stefnu sem talin er geta haft áhrif á einstaka umhverfispætti og gera grein fyrir samræmi hennar við umhverfisviðmið. Nánara mat fer fram á deiliskipulagsstigi og framkvæmdastigi eftir því sem við á.

4 UMHVERFISMAT AÐALSKIPULAGSTILLÖGUNAR

4.1 Áhrif á loft og veðurfar

Hér er gerð grein fyrir þeim stefnumiðum aðalskipulagstillögunnar sem talin eru geta valdið áhrifum á umhverfispáttinn, út frá viðmiðum skilgreindum í viðauka:

- *Útstreymi gróðurhúsalofttegunda:*⁵
 - Stefnumið aðalskipulagstillögunnar um þéttingu innan núverandi byggðar í þéttbýli, bæði hvað varðar íbúðir⁶ og atvinnuhúsnæði⁷, miða að því að fjarlægðir á milli heimilis og vinnustaða lengist ekki um og of. Það gefur færi á að nota vistvæna fararmáta eins og göngur og hjólréiðar í sínum daglegu ferðum fremur en að velja einkabifreiðina með tilheyrandi útblæstri.
 - Stefnumið um bætt stígakerfi fyrir hjólandi og gangandi, miða sömuleiðis að því að auðvelda íbúum að nýta vistvæna fararmáta.
 - Ennfremur er gert ráð fyrir að lagður verði hjólastígur eftir sveitarfélaginu endurlöngu sem tengist hjólaleið umhverfis Snæfellsnes. Það bætir möguleika á ferðalögum á hjóli.
 - Á móti framangreindum jákvæðum áhrifum kemur að skv. tillögunni er heimilt að reka ýmiskonar atvinnustarfsemi í dreifbýli, sem aukabúgrein á landbúnaðarsvæðum.⁸ Einnig er heimilt að reisa allt að 5 stök frístundahús á hverri jörð og 2 stök íbúðarhús án tengsla við búskap. Ef allar jarðir nýta sér það svigrúm, sem er þó talið ólíklegt, skapar það meiri akstur en ella hefði verið. Þessi stefna er óbreytt frá fyrra aðalskipulagi að því undanskildu að ekki var nein stefna um stök íbúðarhús í því.
- *Geymar fyrir gróðurhúsalofttegundur:*⁹
 - Votlendi bindur CO₂ og er verndun og endurheimt votlendis aðferðir sem beitt til að binda gróðurhúsalofttegundir.¹⁰ Í aðalskipulagstillögunni er sett fram stefna um að óröskuð votlendi verði vernduð og votlendi endurheimt þar sem mögulegt er og ekki er lengur áformað að rækta á svæðinu. Endurheimt verði þó skoðuð m.t.t. stefnu um varðveislu verðmæts landbúnaðarlands til ræktunar og matvælaframleiðslu.¹¹
 - Votlendi í sveitarfélaginu er nokkuð (sjá mynd í kafla 5.2 í aðalskipulagstillögu) og verndun þess skiptir því talsvert máli. Ekki hefur verið gerð úttekt á hvar endurheimta mætti votlendi og því er ekki hægt að segja til um vægi þeirra áhrifa sem endurheimt kynni að hafa.
 - Skógar eru mikilvægir við bindingu kolefnis. Í tillögunni er gert ráð fyrir aukinni skógrækt/trjárækt ofan þéttbýlis og einnig fjölgun götutrjáa og annars gróðurs innan þéttbýlis. Í dreifbýli er sett fram stefna um að skógrækt sé almennt heimil á landbúnaðarsvæðum, innan þess ramma sem stefna aðalskipulagsins setur að öðru leyti, s.s. hvað varðar landslag og lífríki. Skógræktin er m.a. ætlað að binda kolefni. Þá er bent á að tækifæri sé til uppgræðslu og skógræktar við frágan á gömlum efnistöðum.

⁵ Til fróðleiks, sjá um loftslagsbreytingar og gróðurhúsalofttegundir hér: <https://www.ust.is/einstaklingar/loftslagsbreytingar/>

⁶ Sbr. 4. kafla aðalskipulagstillögu.

⁷ Sbr. 6. kafla aðalskipulagstillögu.

⁸ Sbr. kafla 6.4 í aðalskipulagstillögu.

⁹ Til fróðleiks, sjá um loftslagsbreytingar og skipulagsgerð hér: <https://skemman.is/bitstream/1946/23047/1/Birna%20bj%C3%B6rk%20%C3%81rnad%C3%B3ttir.pdf>

¹⁰ Til fróðleiks, sjá um kolefnisbindingu í gróðri og jarðvegi á Íslandi hér:

<http://www.landvernd.is/myndir/KolefnisbindingThorey.pdf>

¹¹ Sbr. kafla 5.2 í aðalskipulagstillögu.

- *Hreinleikaímynd Snæfellsness:*
 - Í Svæðisskipulag Snæfellsness 2014-2026 er sett fram stefna um að Snæfellsnes verði án mengandi stóriðju og án starfsemi sem getur ógnað hreinleikaímynd svæðisins og hagsmunum matvælaframleiðslu. Þessi stefna varðar m.a. að loft haldist hreint og er stefnunni m.a. fylgt eftir með framgreindum markmiðum. Einnig er sjálft markmið svæðisskipulagsins tekið upp í aðalskipulagstillögunni sbr. kafla 6.1 í tillögunni þar sem segir: Fylgt verði eftir stefnu svæðisskipulags Snæfellsness um að svæðið sé án mengandi stóriðju og án starfsemi sem getur ógnað hreinleikaímynd svæðisins og hagsmunum matvælaframleiðslu.

Út frá umfjölluninni hér að framan, um stefnumið sem varða andrúmsloft og veðurfar, er samræmi aðalskipulagstillögunnar við umhverfisviðmið metin eftirfarandi:

Svör við matsspurningum sem varða áhrif á andrúmsloft og veðurfar				
Undirþættir: Gróðurhúsaáhrif				
Stuðlar tillagan að minna útstreymi gróðurhúsalofttegunda?	já, verul.	já, óverul.	nei	hv.né
Verndar eða eykur tillagan viðtaka og geyma fyrir gróðurhúsalofttegundir?	já, verul.	já, óverul.	nei	hv.né
Styður tillagan við hreinleikaímynd Snæfellsness eða hagsmuni matvælaframleiðslu þar?	já, verul.	já, óverul.	nei	hv.né

4.2 Áhrif á vatn og sjó

Hér er gerð grein fyrir þeim stefnumiðum aðalskipulagstillögunnar sem talin eru geta valdið áhrifum á umhverfispáttinn, út frá viðmiðum skilgreindum í viðauka:

- *Verndun vatnsgæða og góð umgengi um vatn og strandsjó:*
 - Í aðalskipulagstillögunni er sett fram markmið um góða umgengi um vatn sem undirstöðu lífs. Í þeim tilgangi eru sett fram stefnumið sem snúa að nýtingu vatns, umgengi við vatnsauðlindir og skipulag og mannvirkjagerð nærri strandsvæðum.¹² Þessi stefnumið snúa m.a. að uppbyggingu útivistaraðstöðu við sjó, fjarlægð frístundahúsa frá vötnum, ám og sjó og tillit skógræktar til vatnsbakka og votlendis.
 - Á móti þessum jákvæðu stefnumiðum kemur að vatn hefur ekki verið flokkað eftir ástandi þess og sett langtíamarkmið um það, í þeim tilgangi að viðhalda náttúrulegu ástandi þess og til að vernda það gegn mengun frá mannlegri starfsemi, líkt og gera á samkvæmt reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Í tillögunni er þó tekið fram slíkt verði gert.
 - Stefnt er að því að koma fráveitumálum í gott horf með því að vinna áætlun í samræmi við reglugerð um fráveitur og sorp. Stefnt er að því að safna skolpi í þéttbýlinu saman með sniðræsnum í eina dælustöð í Torfabót eða á austanverðu Framnesi, og dæla þaðan út frá stórstraumsfjöru. Heimilt er að staðsetja dælustöðina á athafnasvæðinu í samræmi við útfærslu í deiliskipulagi. Sett er fram stefna að veita ofanvatni á náttúrulegan hátt niður í jarðveginn, í stað þess að veita því eingöngu í hið hefðbundna fráveitukerfi. Í þeim tilgangi verði mótað skipulag blágrænna ofanvatnslausna fyrir þéttbýlið og festa það sem rammahluti aðalskipulags eftir því sem við á.

¹² Sbr. kafla 5.4 í aðalskipulagstillögu.

- **Vatnsverndarsvæði:**
 - Skipulagstillagan afmarkar vatnsverndarsvæði fyrir vatnsból þéttbýlisins og er gert ráð fyrir stækkun brunnsvæðis á skipulagstímabilinu. Einnig er gert ráð fyrir markaður verði göngustígur að Grundarfossi sem leiðir fólk á öruggan hátt framhjá brunnsvæðinu að fossinum.
 - Sett er fram stefna um að hafin verði vinna við að skilgreina varavatnsból fyrir þéttbýlið í Grundarfirði og vatnsverndarsvæði umhverfis það.
 - Vatnsból í dreifbýli hafa ekki verið kortlögð en sett er fram markmið um að unnið verði yfirlit yfir þau og vatnsverndarsvæði fyrir þau skilgreind. Aukin uppbygging í dreifbýli kann að auka vatnspörf og kalla á nýtinu nýrra vatnsbóla, en skv. aðalskipulagstillögunni er heimilt að reka ýmiskonar atvinnustarfsemi í dreifbýli sem og að reisa allt að 5 stök frístundahús á hverri jörð og 2 stök íbúðarhús án tengsla við búskap. Ef allar jarðir nýta sér það svigrúm, sem er þó talið ólíklegt, gætu áhrif á vatn orðið talsverð.
- **Hreinleikaímynd Snæfellsness:**
 - Í Svæðisskipulag Snæfellsness 2014-2026 er sett fram stefna um að Snæfellsnes verði án mengandi stóriðju og án starfsemi sem getur ógnað hreinleikaímynd svæðisins og hagsmunum matvælaframleiðslu. Þessi stefna varðar m.a. að vatn haldist hreint og er stefnunni m.a. fylgt eftir með framgreindum markmiðum. Einnig er sjálft markmið svæðisskipulagsins tekið upp í aðalskipulagstillögunni sbr. kafla 6.1 í tillögunni þar sem segir: Fylgt verði eftir stefnu svæðisskipulags Snæfellsness um að svæðið sé án mengandi stóriðju og án starfsemi sem getur ógnað hreinleikaímynd svæðisins og hagsmunum matvælaframleiðslu.

Út frá umfjölluninni hér að framan, um stefnumið sem varða vatn, er samræmi aðalskipulagstillögunnar við umhverfisviðmið metin eftirfarandi:

Svör við matsspurningum sem varða áhrif á yfirborðsvatn, grunnvatn og strandsvæði				
Undirþættir: Vatnsgæði, vatnsbúskapur, strandsjór				
Stuðlar tillagan að verndun vatnsgæða og góðri umgengi um vatnsauðlindir?	já, verul.	já, óverul.	nei	hv.né
Tryggir tillagan nægjanlegt rými vatnsverndarsvæða til mögulegrar stækkunar þeirra?	já, verul.	já, óverul.	nei	hv.né
Styður tillagan við hreinleikaímynd Snæfellsness eða hagsmuni matvælaframleiðslu þar?	já, verul.	já, óverul.	nei	hv.né

4.3 Áhrif á land og sjávarbotn

Hér er gerð grein fyrir þeim stefnumiðum aðalskipulagstillögunnar sem talin eru geta valdið áhrifum á umhverfispáttinn, út frá viðmiðum skilgreindum í viðauka:

- **Viðhald líffræðilegrar fjölbreytni og framleiðslugetu hafsins:**
 - Tillagan tekur einungis til sjávar innan netlaga (115 m utan stórstraumsfjöru) og nær því ekki beint til nýtingar sjávarauðlinda en í henni kemur fram að heilbrigði sjávarins við Snæfellsnes og ástand lands og lífríkis, sem og hagsæld byggðarinnar, byggir á góðri umgengi við auðlindir og að samfélögin þar hafi þegar sýnt frumkvæði og ábyrgð,

einkum með umhverfissvottun Snæfellsness, Svæðisgarði Snæfellsness og vilja til að halda áfram á þeirri braut.¹³

- Í samræmi við þetta lýsir framtíðarsýn aðalskipulagstillögunnar þjónustukjarna sem byggir einkum á sjávarútvegi auk ferðaþjónustu og að í sveitarfélaginu sé umhverfisvænt samfélag.¹⁴
- Einnig er einn af meginútgangspunktum stefnu um umhverfi og auðlindir að lífríki til lands og sjávar sé undirstaða lífsafkomu og arfur sem núverandi og komandi kynslóðir eiga að njóta. Auk þess sem sett er fram markmið um umhverfisvænan Grundarfjörð. Út frá því markmiði er m.a. sett fram stefna um sjálfbæra nýtingu sjávargróðurs og annarra sjávarauðlinda og að gætt verði að því að vel sé farið með lífríki og auðlindir, við hagnýtingu sjávargróðurs, s.s. við þang-, þara- og sölvatöku.
- Þessi tónn sem sleginn er í tillögunni þykir til þess fallinn að stuðla að góðri umgegni við auðlindir og vistkerfi sjávar, þó svo tillagan nái ekki út fyrir netlög.
- **Verndun jarðminja:**
 - Í tillögunni er sett fram stefna um að jarðfræðilega merkileg svæði og fallegar jarðminjar verði verndaðar. Tilgreint er að við efnisnám, mannvirkjagerð og skógrækt skuli taka tillit til jarðminja sem þykja merkilegar eða setja svip á landslag sveitarfélagsins. Einnig að við deiliskipulagsgerð, mannvirkjagerð og landnýtingu verði tekið tillit til landslagseinkenna, sérstæðra kennileita, merkilegra jarðmyndana.¹⁵
 - Tillagan miðar að því að uppbygging, landnýting og umgengni í sveitum taki tillit til einkenna náttúru, þ.m.t. merkilegra jarðmyndana.¹⁶ Einnig að skógrækt taki tillit til þeirra.¹⁷
- **Frágangur efnisnáma:**
 - Í aðalskipulagstillögunni er sett fram markmið um að staðið verði vel að efnistöku. Í þeim tilgangi verði m.a. gerð krafa um að gengið verði frá gömlum efnistöðustöðum innan frests sem sveitarstjórn ákveður. Tækifæri til uppgræðslu- og skógræktar verði skoðuð í því samhengi.¹⁸

Út frá umfjölluninni hér að ofan, um stefnumið sem varða land og sjávarbotn, er samræmi aðalskipulagstillögunnar við umhverfisviðmið metin eftirfarandi:

Svör við matsspurningum sem varða áhrif á land og sjávarbotn				
Undirþættir: Jarðmyndanir, jarðvegur, jarðhitasvæði				
Stuðlar tillagan að því að viðhalda heilbrigði, líffræðilegri fjölbreytni og framleiðslugetu hafsins?	já, verul.	já, óverul.	nei	hv.né
Stuðlar tillagan að verndun jarðfræðilega merkilegra svæða og jarðminja? Kemur tillagan í veg fyrir að trjám verði plantað í hraun?	já, verul.	já, óverul.	nei	hv.né
Tryggir tillagan frágang náma sem ekki eru lengur í notkun?	já, verul.	já, óverul.	nei	hv.né

¹³ Sbr. kafla 2.1.1 í aðalskipulagstillögu.

¹⁴ Sbr. 3. kafla aðalskipulagstillögu.

¹⁵ Sbr. kafla 5.3 í aðalskipulagstillögu.

¹⁶ Sbr. kafla 4.4 í aðalskipulagstillögu.

¹⁷ Sbr. kafla 5.1 í aðalskipulagstillögu.

¹⁸ Sbr. kafla 5.3 í aðalskipulagstillögu.

4.4 Áhrif á vistkerfi

Hér er gerð grein fyrir þeim stefnumiðum aðalskipulagstillögunnar sem talin eru geta valdið áhrifum á umhverfispáttinn, út frá viðmiðum skilgreindum í viðauka:

- *Viðhald vistkerfa og líffræðilegrar fjölbreytni:*
 - Eitt af meginmarkmiðum aðalskipulagstillögunnar er að að byggð og landnotkun í Grundarfirði þróist með umhverfisvænum hætti.¹⁹ Með það að markmiði er m.a. sett fram stefna um að fjölbreytni fuglalífs og gróðurs viðhaldist og að staðinn verði vörður um merkileg og viðkvæm búsvæði fugla og gróðurs til að viðhalda heilbrigði vistkerfa og líffræðilegri fjölbreytni.²⁰
 - Einnig er sett fram stefna um að við deiliskipulagsgerð, mannvirkjagerð og landnýtingu. þ.m.t. skógrækt, verði tekið tillit til verðmætra vistkerfa og búsvæða. Ennfremur að farið verði vel með land og gróður við nýtingu jurta til ýmiss konar framleiðslu og lífríki og auðlindir við hagnýtingu sjárvargróðurs.²¹
 - Svæði þar sem mögulegt er að nýta æðardún njóti verndar þannig að æðarrækt spillist ekki.²²
- *Verndun og endurheimt votlendis:*
 - Í aðalskipulagstillögunni er sett fram stefna um að óröskuð votlendi verði vernduð og votlendi endurheimt þar sem mögulegt er og ekki er lengur áformað að rækta á svæðinu. Endurheimt verði þó skoðuð m.t.t. stefnu um varðveislu verðmæts landbúnaðarlands til ræktunar og matvælaframleiðslu.²³ Votlendi í sveitarfélaginu er nokkuð (sjá mynd í kafla 5.2 í aðalskipulagstillögu) og verndun þess skiptir því talsvert máli fyrir líffríki svæðisins.
- *Útbreiðsla ágengra tegunda:*
 - Sett er fram stefnu um að koma í veg fyrir að lúpína og aðrar ágengar tegundir breiðist yfir gróðurlendi og ræktað land. Svo og að farið verði varlega í notkun framandi tegunda sem ekki eru sérkennandi fyrir Snæfellsnes.²⁴
- *Verndun náttúrulegra birkiskóga og annarra gróðurlenda:*
 - Í tillögunni er ekki sett fram stefna sem snýr að náttúrulegum birkiskógum þar sem þá er ekki að finna í sveitarfélaginu.²⁵
 - Samkvæmt tillögunni skal forðast að skerða berjalönd og grasalönd. Við deiliskipulagsgerð og í gögnum með byggingar- og framkvæmdaleyfisumsóknum skal gera grein fyrir berja- og grasalöndum á viðkomandi svæði og áhrifum skipulags og framkvæmda á þau.²⁶
- *Verndun fjara:*
 - Í tillögunni er sett fram stefna um að staðinn verði vörður um vistkerfi á strandsvæðum og að við uppbyggingu útivistaraðstöðu verði gætt að álagi á lífríki og ástand viðkvæmra staða vaktað. Þá er stefnt að því að tryggja að fjörum verði ekki spilt og þær verði hreinsaðar reglulega.²⁷

¹⁹ Sbr. 5. kafla aðalskipulagstillögu.

²⁰ Sbr. kafla 5.1 í aðalskipulagstillögu.

²¹ Sbr. kafla 5.1 í aðalskipulagstillögu.

²² Sbr. kafla 6.4 í aðalskipulagstillögu.

²³ Sbr. kafla 5.2 í aðalskipulagstillögu.

²⁴ Sbr. kafla 5.1 í aðalskipulagstillögu.

²⁵ Sbr. kafla 5.1 í aðalskipulagstillögu.

²⁶ Sbr. kafla 6.4 í aðalskipulagstillögu.

²⁷ Sbr. kafla 5.2 í aðalskipulagstillögu.

- Utan þéttbýlis er allsstaðar skilgreint landbúnaðarsvæði²⁸ niður að sjó nema við Lárvaðal þar sem frístundabyggðarsvæði (F1),²⁹ verslunar- og þjónustusvæði (VP1)³⁰ og opið svæði (OP1) nær til strandar. Í öllum tilvikum er sett skipulagsákvæði um að gönguleið meðfram strönd verði tryggð og að staðinn verður vörður um lífríki og landslag í fjörum. Í ákvæðum fyrir nýtt verslunar- og þjónustusvæði við Lárvaðal (VP1 Skerðingsstaðir) er tilgreint að áhrif bygginga og fyrirhugaðrar starfsemi Lárós verði metin og þau lágmörkuð.

Út frá umfjölluninni hér að framan, um stefnumið sem varða vistkerfi, er samræmi aðalskipulagstillögunnar við umhverfisviðmið metin eftirfarandi:

Svör við matsspurningum sem varða áhrif á vistkerfi				
Undirþættir: Vistgerðir og/eða búsvæði, gróðurfar, dýralíf, líffræðileg fjölbreytni				
Stuðlar tillagan að því að viðhalda heilbrigði vistkerfa og líffræðilegri fjölbreytni, ekki síst fuglalífs og gróðurs? Stuðlar tillagan að verndun villtra fugla? Stuðlar tillagan að því að ekki verði ofálag á viðkvæmum svæðum vegna beitar eða umferðar?	já, verul.	já, óverul.	nei	hv.né
Stuðlar tillagan að verndun óraskaðra votlenda og að endurheimts votlendis þar sem mögulegt er og ekki er lengur áformað að rækta, að teknu tilliti til varðveislu verðmæts landbúnaðarlands?	já, verul.	já, óverul.	nei	hv.né
Miðar tillagan að því að stemma stigu við útbreiðslu lúpínu og annarra ágengra tegunda yfir gróðurlendi og ræktað land?	já, verul.	já, óverul.	nei	hv.né
Stuðlar tillagan að verndun náttúrulegra birkiskóga?	já, verul.	já, óverul.	nei	hv.né
Kemur tillagan í veg fyrir að fjörum verði spillt?	já, verul.	já, óverul.	nei	hv.né

²⁸ Sbr. kafla 6.4 í aðalskipulagstillögu.

²⁹ Sbr. kafla 4.5 í aðalskipulagstillögu.

³⁰ Sbr. kafla 6.3 í aðalskipulagstillögu.

4.6 Áhrif á orkulindir

Hér er gerð grein fyrir þeim stefnumiðum aðalskipulagstillögunnar sem talin eru geta valdið áhrifum á umhverfispáttinn, út frá viðmiðum skilgreindum í viðauka:

- *Orkuvinnsla:*

- Samkvæmt tillögunni er heimilt að koma upp og starfrækja, á landbúnaðarsvæðum, heimarafstöðvar og smávirkanir sem eru minni að afli en 200 kW, á grundvelli deiliskipulags og framkvæmdaleyfis, en stærri rafstöðvar kalla á afmörkun iðnaðarsvæðis í aðalskipulagi með tilheyrandi málsmeðferð. Stærðarmörk fyrir smávirkanir taka mið af því að virkanir sem eru með 200kW afl eða meira eru tilkynningarskyldar skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.
- Einnig er heimilt er að nýta jarðhita, þar sem hann er að finna, til eigin nota þar sem það er mögulegt, t.d. til upphitunar húsa, ferðaþjónustu eða almenns búreksturs.
- Þrátt fyrir að ekki hafi ennþá reynst mögulegt að nýta jarðhita á Berserkseyri til uppbyggingar hitaveitu í sveitarfélaginu, líkt og gert var ráð fyrir í fyrra aðalskipulagi, er í aðalskipulagstillögunni engu að síður talin ástæða til að gera ráð fyrir framkvæmdum og jafnvel starfsemi tengdri virkjun jarðhitavatns í landi Berserkseyrar og er svæðið því skilgreint áfram sem iðnaðarsvæði.³¹

- *Orkuflutningur:*

- Aðalskipulagstillgan tekur til raflína/jarðstrengja sem er með 66 kV spennu og hærri, en þær/þeir teljast til stofnkerfis. Eina línan í sveitarfélaginu sem fellur í þennan flokk er Grundarfjarðarlína sem liggur frá aðveitustöð við Stykkishólm að aðveitustöð/tengivirki í Grundarfirði, vestan Kvernár. Árið 2017 var lagður nýr 66kV jarðstrengur Landsnets frá tengivirkinu að fyrirhuguðu nýju tengivirki í Ólafsvík. Sá strengur nefnist Grundarfjarðarlína 2. Samhliða þeim framkvæmdum var endurnýjaður 19kV jarðstrengur Rarik sem liggur meðfram nýja jarðstrengnum.
- Minni línur en 66kV er unnt að endurnýja/reisa á grundvelli almennrar stefnu aðalskipulagsins fyrir landbúnaðarsvæði³² að teknu tilliti til stefnu um tillögunnar umhverfi og auðlindir.³³ Sett er fram stefna um að við endurnýjun lína skuli miða við að leggja jarðstrengi í stað lína þar sem það er mögulegt.
- Til stofnkerfis teljast einnig tengivirki en þau má reisa innan iðnaðarsvæða. Eitt tengivirki er í sveitarfélaginu og er það á iðnaðarsvæði I1 í þéttbýlinu. Nýtt tengivirki var reist árið 2016.
- Með þeim nýlegum breytingum sem að hér er lýst eykst áreiðanleiki svæðiskerfisins á Vesturlandi og afhendingaröryggi raforku batnar á Snæfellsnesi.

Út frá umfjölluninni hér að framan, um stefnumið sem varða orkulindir, er samræmi aðalskipulagstillögunnar við umhverfisviðmið metin eftirfarandi:

³¹ Sbr. kafla 6.1 í aðalskipulagstillögu.

³² Sbr. kafla 6.5 í aðalskipulagstillögu.

³³ Sbr. 5. kafla aðalskipulagstillögu.

Svör við matsspurningum sem varða áhrif á orkulindir				
Undirþættir: Endurnýjanlegir orkugjafar, orkunýtni, notkun jarðefnaeldsneytis				
Gefur tillagan kost á að nýta orkulindir í dreifbýli með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi?	já, verul.	já, óverul.	nei	hv.né
Stuðlar tillagan að öruggri afhendingu raforku með því að gefa kost á uppbyggingu flutningsmannvirkja, um leið og tekið er tillit til áhrifa á náttúru og landslag? Miðar tillagan að því að raflínur verði lagðar í jörðu?	já, verul.	já, óverul.	nei	hv.né

4.7 Áhrif á heilsu og öryggi

Hér er gerð grein fyrir þeim stefnumiðum aðalskipulagstillögunnar sem talin eru geta valdið áhrifum á umhverfispáttinn, út frá viðmiðum skilgreindum í viðauka:

- **Náttúruvæði:**
 - Í tillögunni er sett fram almenn stefna um að tekið verði tillit til náttúruvár, þ.m.t. flóða, og fárviðris, við deiliskipulagsgerð, mannvirkjagerð og landnotkun. Afmarkað er eitt svæði í þéttbýlinu, NV-1, sem varúðarsvæði vegna ofanflóða skv. bráðabirgðahættumati frá 1998 og er engin mannvirkjagerð heimil á því svæði. Ekki liggur fyrir ofanflóðahættumat fyrir dreifbýlið.³⁴
 - Gert er fyrir byggingu garða til varnar mannvirkjum vegna ágangs sjávar á nokkrum stöðum. Fjallað er um mögulega hækkunar sjávarborðs vegna loftslagsbreytinga og sett fram ákvæði um að í deiliskipulagi verði gólfkóti ákveðinn með hliðsjón af nýjustuupplýsingum um hækkandi sjávarstöðu á líklegum líftíma mannvirkjanna. Einnig er tilgreint að hafa skuli samráð við Siglingastofnun um ákvörðun lægstu gólfhæða bygginga á lágsvæðum nálægt sjó, sbr. 5.3.2.18. gr. í skipulagsreglugerð.³⁵
 - Svæðið er utan helstu jarðskjálftasvæða landsins og því eru stórir jarðskjálftar ekki líklegir. Það er hins vegar nálægt eldvirku svæði en hætta vegna gjóskufalls eða hraunflóða er þó talin lítil á svæðinu. Hvorki þessi né önnur náttúruvá hefur afgerandi áhrif á aðalskipulag svæðisins.³⁶
- **Heilnæmi umhverfis; vatnsgæði, úrgangsmál, hljóðvist og loftgæði:**
 - Í aðalskipulagstillögunni er sett fram stefna um vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu og úrgangsmeðhöndlun en hún snýst m.a. um að tryggja heilnæmt umhverfi.³⁷ Flokkun yfirborðsvatns og grunnvatn eftir ástandi þess, skv. reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, í þeim tilgangi að viðhalda náttúrulegu ástandi þess og til að vernda það gegn mengun frá mannlegri starfsemi, hefur hinsvegar ekki verið gerð fyrir Grundarfjörð, en sett fram markmið um að það verði gert.
 - Við aðalskipulagsgerðina hafa ekki komið fram upplýsingar um vandamál tengd hljóðvist og er ekki sett fram sérstök stefna um hana.
 - Ekki er sett fram bein stefna um loftgæði en sett er fram stefna um að svæðið verði án mengandi stóriðju og án starfsemi sem getur ógnað hreinleika mynd Snæfellsness og hagsmunum matvælaframleiðslu. Þá getur stefna um þéttingu byggðar og bættar

³⁴ Sbr. kafla 5.5 í aðalskipulagstillögu.

³⁵ Sbr. kafla 5.2 og 5.5 í aðalskipulagstillögu.

³⁶ Sbr. kafla 5.5 í aðalskipulagstillögu.

³⁷ Sbr. 7. kafla aðalskipulagstillögu.

aðstæður fyrir hjólandi og gangandi skilað sér í færri bílferðum og minni mengun vegna þess.

- **Umferðaröryggi:**

- Sett er fram stefna um gönguvænan Grundarfjörð. Í því felst m.a. að auðvelda göngur og hjólréiðar sem ferðamáta, heilsurækt og umhverfisvernd. Í þeim tilgangi er mörkuð stefna sem lýtur að betrumbótum á gangstéttum, stígum, götum og göturýmum í þéttbýlinu, m.a. m.t.t. öryggis vegfarenda. Einnig með merkingum og umferðarhraða. Áfram er gert ráð fyrir framlengingu Nesvegur til austurs, m.a. til að færa þungaumferð af aðalgötu bæjarins, Grundargötu.³⁸
- Í tillögunni er einnig sett fram stefna um öruggar og greiðar ökuleiðir í dreifbýli, þ.m.t. að unnið verði að bættu öryggi á þjóðvegi nr. 54, meginhringleiðinni umhverfis Snæfellsnes, sem jafnframt er hluti af grunnneti skv. Samgönguáætlun 2011–2022. Á öðrum vegum sveitarfélagsins verði hugað að vegabótum með tilliti til uppbyggingar og þróunar í ferðaþjónustu og landbúnaði.³⁹

Út frá umfjölluninni hér að framan, um stefnumið sem varða heilsu og öryggi, er samræmi aðalskipulagstillögunnar við umhverfisviðmið metin eftirfarandi:

Svör við matsspurningum sem varða áhrif á heilsu og öryggi				
Undirþættir: Heilsufar íbúa, náttúruvá, umferðaröryggi, slyshætta, matvælaöryggi				
Tekur tillagan tillit til þeirrar hættu sem stafar af náttúruvá, svo sem snjóflóðum, skriðuföllum, vatnsflóðum, eldgosum, jökulhlaupum, jarðskjálftum og gróðureldum? Tekur tillagan tillit til loftslagsbreytinga, svo sem þar sem þær leiða til breytinga á rennsli eða farvegum jökuláa, flóðahættu eða sandfoks?	já, verul.	já, óverul.	nei	hv.né
Stuðlar tillagan að heilnæmi umhverfis með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsmeðhöndlun, hljóðvist og loftgæði?	já, verul.	já, óverul.	nei	hv.né
Tryggir tillagan að umferðaröryggi, þ.m.t. öruggum aksturs-, hjóla- og gönguleiðum til og frá skólum?	já, verul.	já, óverul.	nei	hv.né

4.8 Áhrif á náttúruminjar

Hér er gerð grein fyrir þeim stefnumiðum aðalskipulagstillögunnar sem talin eru geta valdið áhrifum á umhverfispáttinn, út frá viðmiðum skilgreindum í viðauka:

- **Verndun náttúruminja með alþjóðlegt gildi:**

- Í tillögunni er gerð grein fyrir vernd Breiðafjarðar skv. lögum nr. 54/1995 og vísað til Verndaráætlun Breiðafjarðar 2014-2019 varðandi ákvæði þar.⁴⁰ Breiðafjörður nýtur verndar skv. lögum, jafnframt því að vera á skrá Alþjóða fuglaverndarsamtakanna BirdLife International yfir Alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði (Important Bird Areas, IBA).
- Kolgrafafjörður er skilgreindur sem hverfisverndarsvæði en lög um vernd Breiðafjarðar ná til fjara fjarðarins. Kolgrafafjörður og fjörur hans eru mikilvægur viðkomustaður farfugla og bústaður sjófugla.

³⁸ Sbr. kafla 4.3 og 7.1 í aðalskipulagstillögu.

³⁹ Sbr. kafla 7.1 í aðalskipulagstillögu.

⁴⁰ Sbr. kafla 5.1 í aðalskipulagstillögu.

- Kirkjufell er alþjóðlega mikilvæg sjófuglabbyggð, en þar búa einkum fyll og hvítmáfur, eða um 20% íslenska hvítmáfastofnsins. Kirkjufell var skilgreint sem hverfisverndarsvæði í fyrra aðalskipulagi en ákvæði verndar voru ekki skýr og var ákveðið að fella verndina út en setja í staðinn skýra stefnu um verndun ásyndar fjallsins (sjá kafla 4.10 um áhrif á landslag).
- **Verndun annarra náttúruminja:**
 - Eitt af markmiðum aðalskipulagstillögunnar er að staðinn verði vörður um landslag, lífríki og minjar sem dýrmætan arf.⁴¹ Hverfisverndarsvæðum er þó ekki fjölgað frá fyrra aðalskipulagi og um svæði á Náttúruminjaskrá eru ekki sett ákvæði umfram þau sem gilda skv. lögum um náttúruvernd. Hverfisvernd á Kirkjufelli er felld út en í staðinn sett skýrari stefna um verndun ásyndar fjallsins. Hverfisvernd þótti ekki nauðsynleg til að ná fram þeim markmiðum.
 - Tillagan skilgreinir aðalgöngu- og reiðleiðir á milli einstakra hluta sveitarfélagsins og til annarra sveitarfélaga sem miða að stýra umferð til varnar viðkvæmri náttúru um leið og möguleikar til að fara um eru tryggðir. Aðalgönguleiðirnar byggja á skoðun á leiðum á útgefnum ferðakortum og leiðum sem ferðamenn hafa skráð stafrænt á Netið. Reiknað er með að nánari stefna um leiðirnar verði mótuð í samhengi við verkefni U24.1 í Svæðisskipulagi Snæfellsness en það snýst um að skilgreina ferðaleiðir, í samvinnu við landeigendur, ferðafélög og aðra hagsmunaaðila. Innansveitarleiðum er fækkað frá fyrra aðalskipulagi, bæði vegna náttúruverndar og vegna hags landeigenda.
 - Í tillögunni eru skilgreindir þjóðvegir og þeir aðrir vegir í sveitarfélaginu sem sveitarfélagið gerir að tillögu sinni að séu skráðir í stafrænan kortagrunn Vegagerðarinnar yfir „vegi aðra en þjóðvegi í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil“, sbr. 32. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og 2. mgr. 7. gr. vegalaga, nr. 80/2007. Slík skráning miðar m.a. að verndun náttúru. Jafnframt er gerð tillaga um flokkun veganna eftir greiðfærni í samræmi við 4. gr. reglugerðar nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands samkvæmt lögum um náttúruvernd. Sú flokkun stuðlar enn frekar að því að ekki sé verið að aka þar sem illfært er og land getur skemmst.
 - Í tillögunni er gerð er grein fyrir friðlýstum æðavörpum en ekki er sett frekari vernd, s.s. hverfisvernd, á þau svæði umfram það sem er í ákvörðun um friðlýsingu hvers svæðis.
- **Verndun jarðminja:**
 - Fjallað er um samræmi við viðmið um verndun jarðminja í kafla 4.3 um land og sjávarbotn.

Út frá umfjölluninni hér að framan, um stefnumið sem varða náttúruminjar, er samræmi aðalskipulagstillögunnar við umhverfisviðmið metin eftirfarandi:

Svör við matsspurningum sem varða áhrif á náttúruminjar				
Undirþættir: Friðlýst svæði, svæði í Náttúruverndaráætlun, svæði háð náttúruverndarlögum, önnur svæði á náttúruminjaskrá, hverfisverndarsvæði, aðrar náttúruminjar				
Stuðlar tillagan að verndun náttúruarfleifðar sem hefur sérstakt alþjóðlegt gildi?	já, verul.	já, óverul.	nei	hv.né
Stuðlar tillagan að verndun svæða á náttúruminjaskrá og annarra svæða sem falla undir lög um náttúruvernd?	já, verul.	já, óverul.	nei	hv.né

⁴¹ Sbr. kafla 5.1 í aðalskipulagstillögu.

Stuðlar tillagan að verndun jarðfræðilega merkilegra svæða og jarðminja og kemur hún í veg fyrir að trjám verði plantað í hraun?	já, verul.	já, óverul.	nei	hv.né
--	------------	-------------	-----	-------

4.9 Áhrif á menningarminjar

Hér er gerð grein fyrir þeim stefnumiðum aðalskipulagstillögunnar sem talin eru geta valdið áhrifum á umhverfispáttinn, út frá viðmiðum skilgreindum í viðauka:

- *Menningarminjar með alþjóðlegt gildi:*
 - Í tillögunni er gerð grein fyrir vernd Breiðafjarðar skv. lögum nr. 54/1995 og vísað til Verndaráætlun Breiðafjarðar 2014-2019 varðandi ákvæði þar. Verndun svæðisins byggir m.a. á verðmæti menningarminja.⁴²
- *Aðrar menningarminjar:*
 - Fram kemur að fyrir liggur fornleifaskrá fyrir Grundarfjörð með yfir 320 minjastaði með fleiri en 478 fornleifum. Af þessum 478 fornleifum eru 92 taldar hafa hátt minjagildi og 241 fornleifar hafa talsvert minjagildi. Hætta er talin á að 87 fornleifar geti eyðst af manna- eða náttúruvöldum, þar af eru 27 fornleifar sem hafa hátt minjagildi. Taka ber mið af fornleifaskránni við deiliskipulagsgerð og framkvæmdir en öllum fornleifum er óheimilt að „spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“⁴³
 - Í tillögunni er gerð grein fyrir friðlýstum fornleifum.⁴⁴
 - Í tillögunni er markmið um að tekið verði tillit til fornleifa og annarra menningarminja við deiliskipulagsgerð, mannvirkjagerð, skógrækt og aðra landnýtingu. Einnig er stefna um að spornað verði við landbroti vegna ágangs sjávar þar sem fornleifar eru með hátt minjagildi skv. Fornleifaskrá Grundarfjarðarbæjar. Þá er stefnt að því að bæta aðgengi að völdum minjastöðum og merkja minjar skv. tillögum í Fornleifaskránni. Ennfremur að því að hvetja eigendur og ábúendur jarða til að hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist.⁴⁵
- *Bygginararfur og búsetulandslag:*
 - Sett er fram stefna um að staðinn verði vörður um sögulega mikilvægar byggingar í þéttbýlinu og stuðlað að því að þær verði færðar til upprunalegs útlits. Þannig verði gildi þeirra sem kennileiti styrkt um leið og saga bæjarins er varðveitt.⁴⁶

Út frá umfjölluninni hér að framan, um stefnumið sem varða menningarminjar, er samræmi aðalskipulagstillögunnar við umhverfisviðmið metin eftirfarandi:

Svör við matsspurningum sem varða áhrif á menningarminjar				
Undirþættir: Friðlýstar og aðrar fornleifar, friðuð hús, minjar sem njóta hverfisverndar, önnur menningarverðmæti				
Stuðlar tillagan að verndun menningararfleifðar sem hefur sérstakt alþjóðlegt gildi?	já, verul.	já, óverul.	nei	hv.né

⁴² Sbr. kafla 5.1 í aðalskipulagstillögu.

⁴³ Sbr. kafla 4.4 í aðalskipulagstillögu.

⁴⁴ Sbr. kafla 4.4 í aðalskipulagstillögu.

⁴⁵ Sbr. kafla 4.4 í aðalskipulagstillögu.

⁴⁶ Sbr. kafla 4.4 í aðalskipulagstillögu.

Stuðlar tillagan að verndun minja sem falla undir lög um menningarminjar? Stuðlar tillagan að því að menningararfur Snæfellinga sé sýnilegur og aðgengilegur sem víðast?	já, verul.	já, óverul.	nei	hv.né
Stuðlar tillagan að verndun byggingararfs? Stuðlar tillagan að verndun gamalla húsa sem bera vitni um byggðasögu svæðisins?	já, verul.	já, óverul.	nei	hv.né

4.10 Áhrif á landslag

Hér er gerð grein fyrir þeim stefnumiðum aðalskipulagstillögunnar sem talin eru geta valdið áhrifum á umhverfispáttinn, út frá viðmiðum skilgreindum í viðauka:

- *Búsetulandslag og staðarandi:*
 - Sett er fram stefna um að tekið sé mið af því reglubundna götumynstri sem einkennir þéttbýlið. Einnig að við hönnun nýrra stærri bygginga og bygginga á lykilstöðum eins og við gatnamót og í miðbæ verði hugað að því að skapa ný kennileiti um leið og sjónlínur til landslagskennileita eru virtar og þess gætt að byggingarnar falli vel að þeirri byggð sem fyrir er, einkum m.t.t. hæðar húsa. Þá verði hugað að því að skapa ný kennileiti með landslagshönnun eða listaverkum.⁴⁷
 - Í tillögunni er sett fram markmið um að uppbygging, landnýting og umgengni í sveitum taki tillit til einkenna náttúru og búsetulandslags. Þannig verði við deiliskipulagsgerð, mannvirkjagerð og landnýtingu tekið tillit til landslagseinkenna og sérstæðra kennileita.⁴⁸
 - Gerð er grein fyrir sjónrænu verðmæti Kirkjufells og sett fram stefna um að leitast verði við að vernda ásýnd og sérkenni fjallsins. Gerð er krafa um að áður en gengið er frá deiliskipulagi og veitt heimild til mannvirkjagerðar við Kirkjufell eða í grennd fjallsins, verði sjónræn áhrif fyrirhugaðrar mannvirkjagerðar á fjallið metin. Sjónræna matið (e. Visual Impact Assessment) verði sett fram í deiliskipulagsgreinargerð eða í fylgiskjali með því. Á grunni matsins taki sveitarstjórn ákvörðun um hvort framkvæmdir verði heimilaðar. Þar verði tekið mið af hvort framkvæmdirnar gætu breytt sérkennum fjallsins og truflað hlutverk þess sem afgerandi kennileitis og hluta af sjálfsmynd samfélagsins og ímynd sveitarfélagsins og Snæfellsness. Það getur t.d. átt við um framkvæmdir sem keppa við fjallið um athygli eða breyta þeim sérkennum fjallsins sem lýst er að framan. Sveitarstjórn getur ýmist hafnað framkvæmd sem hún telur skerða sjónræn verðmæti Kirkjufells, eða sett fram kröfu um deiliskipulagsákvæði sem varða hæð, liti, form og efni mannvirkja, svo og fyrirkomulag lýsingar og umhverfisfrágangs og annað sem þurfa þykir til að tryggja að mannvirki og landslagsmótun falli vel að sérkennum fjallsins, sbr. lýsingu á þeim að framan.
 - Afmarkað er verslunar- og þjónustusvæði í landi Skerðingsstaða fyrir allt að 100 herbergja hótél og allt að 15 gistihýsi. Landnotkunarákvæði aðalskipulagstillögunnar fyrir svæðið, að því er snýr að búsetulandslagi og staðaranda, eru að tryggð verði í deiliskipulagi að byggingar falli vel að landslagi, hvað varðar hæð, form, efni og lit. Einnig verði þess gætt að mannvirki falli vel að Kirkjufelli og sett verði fram sjónrænt áhrifamat í þeim tilgangi.
 - Að Þórdísarstöðum er afmarkað verslunar- og þjónustusvæði þar sem heimilt verði að reisa gistrými í smáhýsum eða lágrestum byggingum fyrir allt að 200 gesti. Einnig

⁴⁷ Sbr. kafla 4.4 og 8. kafla í aðalskipulagstillögu.

⁴⁸ Sbr. kafla 4.4 í aðalskipulagstillögu.

þjónustu- og veitingahús fyrir allt að 100 gesti. Sett er skilyrði um að mannvirki falli vel að landslagi og þeim byggingum sem fyrir eru.

- *Byggðarmynstur frístundabyggðar:*
 - Í tillögunni er lögð áhersla á fallett heildaryfirbragð bygginga á bújörðum og svæðum fyrir frístundabyggð. Byggingar falli vel að landslagi, t.d. með tilliti til hæðar, forms, lita og efnis og búsetuminjar verði virtar.⁴⁹
 - Tillagan heimilar að reist verði allt að 5 stök frístundahús á hverri jörð sem gæti breytt búsetulandslagi tölvuert ef allir jarðareigendur nýta sér heimildina, en ekki er talið líklegt að það verði á skipulagstímabilinu. Í stefnunni er tekið fram að húsin skuli falla vel að þeirri byggð sem fyrir er á jörðinni og vera í samræmi við aðra stefnu tillögunnar og í samræmi við deiliskipulag.⁵⁰
 - Ofan þéttbýlismarka í Grundarfirði er gert ráð fyrir nýju rúmlega 10 ha frístundabyggðarsvæði á landi sem er í eigu sveitarfélagsins. Á svæðinu rúmast um 50 lóðir ef miðað er við 2000 m² lóðastærð. Svæðið er hugsað fyrir orlofshús í tengslum við nýtt skíðasvæði við Eldhamra og mun nýta sama aðkomuveg og skíðasvæðið. Vænta má nokkurrar breytingar á landslagi en samkvæmt aðalskipulagstillögunni skal frístundabyggð falla vel að landslagi og vandað skal til hönnunar húsa og stuðla að því að þau skírskoti til einkenna svæðisins hvað varðar form, liti og efni. Einnig er áhersla lögð á að samnýta vegakerfi og veitur og að yfirbragð frístundabyggðarsvæða verði heildstætt. Fyrir sjálft orlofshúsasvæðið er síðan ítrekað ákvæði um að byggðin hafi ákveðin heildarsvip og verði aðlöguð vel að landi.⁵¹
- *Landgæði:*
 - Sett er fram stefna um að landgæði og ásýnd lands verði bætt með uppgræðslu rofsvæða og lítt eða ógróins lands, einnig með frágangi á fullnýttum efnistökusvæðum og gömlum urðunarstöðum.⁵²
 - Tillagan markar stefnu um jarðvegsvernd og að skógrækt og landgræðsla miði að því að bæta landgæði, binda kolefni, mynda skjól og bæta útivistaraðstöðu um leið og sköpuð er ný auðlind.⁵³

Út frá umfjölluninni hér að framan, um stefnumið sem varða landslag, er samræmi aðalskipulagstillögunnar við umhverfisviðmið metin eftirfarandi:

Svör við matsspurningum sem varða áhrif á landslag - náttúrulegt og menningarlegt				
Undirþættir: Víðerni, ósnortið/náttúrulegt yfirbragð, fjölbreytileiki landslags, andstæður í landslagi, sérstaða/fágæti				
Stuðlar tillagan að vandaðri mótun umhverfis og mannvirkjagerðar sem tekur mið af landslagi og staðhátum og styrkir sérkenni og staðaranda Snæfellsness? Stuðlar tillagan að fallettu heildaryfirbragði bygginga á bújörðum og svæðum fyrir frístundabyggð? Stuðlar tillagan að því að hæð bygginga falli vel að umhverfi sínu?	já, verul.	já, óverul.	nei	hv.né
Miðar tillagan að afmörkuðum en samfelldum frístundabyggðarsvæðum sem gefa notendum þeirra kost á	já, verul.	já, óverul.	nei	hv.né

⁴⁹ Sbr. kafla 4.4 í aðalskipulagstillögu.

⁵⁰ Sbr. kafla 4.4 í aðalskipulagstillögu.

⁵¹ Sbr. kafla 4.5 í aðalskipulagstillögu.

⁵² Sbr. kafla 4.4 í aðalskipulagstillögu.

⁵³ Sbr. kafla 5.1 og 6.4 í aðalskipulagstillögu.

góðum tækifærum til útiveru um leið og gætt er að því að fristundabyggðin skerði ekki mikilvæg eða viðkvæm svæði með tilliti til landbúnaðar eða náttúruverndar?				
Stuðlar tillagan að bættum landgæðum og ásýnd lands með uppgræðslu rofsvæða og lítt eða ógróins lands og með frágangi á fullnýttum efnistökusvæðum og gömlum urðunarstöðum?	já, verul.	já, óverul.	nei	hv.né

4.11 Áhrif á hagræna og félagslega þætti

Hér er gerð grein fyrir þeim stefnumiðum aðalskipulagstillögunnar sem talin eru geta valdið áhrifum á umhverfispáttinn, út frá viðmiðum skilgreindum í viðauka:

- *Íbúðarhúsnæði:*
 - Aðalskipulagstillagan miðar að því að íbúðarbyggð í þéttbýli og dreifbýli svari húsnæðisþörfum íbúa sem best og nýti vel þau grunnkerfi sem fyrir eru. Tryggt verði nægt magn lóða til byggingar íbúðarhúsnæðis m.v. áætlaða íbúaþróun og þarfir hverju sinni. Gert verði ráð fyrir fjölbreyttum húsagerðum og íbúðastærðum við deiliskipulagsgerð til að mæta þörfum ólíkra aldurshópa og fjölskyldustærða. Sérstök áhersla verði á lóðir fyrir minna íbúðarhúsnæði, sérþýli eða fjölbýli, sem er hagkvæmt í byggingu.
- *Landbúnaður og tilheyrandi matvælaframleiðsla:*
 - Tillagan fylgir eftir stefnu svæðisskipulags Snæfellsness um að svæðið sé án mengandi stóriðju og án starfsemi sem getur ógnað hreinleikaímynd svæðisins og hagsmunum matvælaframleiðslu.⁵⁴
 - Í tillögunni er gert ráð fyrir svigrúmi til að stunda margvíslegar aukabúgreinar á landbúnaðarsvæðum, innan tiltekinna tilgreindra marka. Þar getur t.d. verið um að ræða gististaði, púttvelli, tjaldsvæði, heimarafstöðvar, smávirðjanir, ninniháttar fiskeldisstöðvar og ýmiss konar smáíðnað og framleiðslu á landbúnaðarsvæðum, einkum úr hráefni af svæðinu.⁵⁵
- *Sjávarútvegur, tilheyrandi matvælaframleiðsla og önnur athafnastarfsemi:*
 - Tillagan fylgir eftir stefnu svæðisskipulags Snæfellsness um að svæðið sé án mengandi stóriðju og án starfsemi sem getur ógnað hreinleikaímynd svæðisins og hagsmunum matvælaframleiðslu.⁵⁶
 - Tillagan gerir ráð fyrir svigrúmi til aukinnar hafnsækkinnar starfsemi sem verði þjónað sem best, m.a. með því að umferðarleiðir til og frá Grundarfjarðarhöfn verði greiðar og öruggar og miðbær, hafnarsvæði og íbúðarsvæði spili vel saman. Unnið er að framlengingu Norðurgarðs til austurs og nýjum viðlegukanti. Við framkvæmdina eykst viðlegupláss hafnarinnar, við aukið dýpi, og til verður athafnasvæði sem ætlað er höfninni sjálfri, alls um 4500 m². Þá er gert ráð fyrir landfyllingu norður af Norðurgarði austan Nesvegar undir lóðir fyrir athafnastarfsemi. Þá er samhliða framlengingu Nesvegar til suðurs, gert ráð fyrir landfyllingu sunnan við Miðgarð, allt að Grafargilsá, ef þörf fyrir athafnahúsnæði kallar á. Með framkvæmdunum skapast betri tenging frá Suðurgarði og frá iðnaðarsvæði austan þéttbýlis við aðalhafnasvæðið í

⁵⁴ Sbr. kafla 6.1 í aðalskipulagstillögu.

⁵⁵ Sbr. kafla 6.4 í aðalskipulagstillögu.

⁵⁶ Sbr. kafla 6.1 í aðalskipulagstillögu.

norðurhlutanum. Um leið og greitt er fyrir umferð og þungaflutningum að og frá höfn er þungaumferð beint úr íbúðahverfum og öryggi þar með aukið.⁵⁷

- Í tillögunni er Framnes í þéttbýlinu skilgreint sem athafnasvæði fyrir hreinleg verkstæði, matvælaframleiðslu, vörugeymslur og léttan ómengandi iðnað. Einnig verði heimilt að reka gistingu og veitingastarfsemi á svæðinu og ýmiskonar þjónustu fyrir fyrirtæki og íbúa. Þegar landfylling á hafnarsvæði, sunnan Miðgarðs, hefur verið gerð, verði starfsemi sem krefst mikils landrýmis gefinn kostur á landrými þar, s.s. flutningastarfsemi og vörugeymslur. Gert er ráð fyrir að netagerð fremst á Framnesi og húsnæði hennar sé víkjandi. Ef húsið stendur áfram í einhvern tíma eftir að netagerð hefur verið flutt, verði heimilt að nýta það fyrir ýmiskonar menningarstarfsemi, s.s. tónleikahald, listasmiðjur og markaði. Gert er ráð fyrir stækkun lóðar nr. 2 við Sólvelli vegna nýs fiskvinnsluhúss G.Run. og breytinga á lóð, í samræmi við deiliskipulag fyrir Sólvallareit samþykkt af bæjarstjórn og birt í janúar 2018. Starfsemi á lóðinni samrýmist breytingum á Framnessreitnum úr iðnaðarsvæði í athafnasvæði.⁵⁸
- **Ferðapjónusta:**
 - Tillagan miðar að því að búa vel í hagin fyrir þróun ferðapjónustu þannig að hún geti dafnað. Með það að markmiði er gert ráð fyrir góðu vaxtarrými fyrir þróun gisti-, veitinga- og afþreyingarþjónustu í kjarna þéttbýlis Grundarfjarðar.⁵⁹ Einnig miðar stefna um umhverfi og auðlindanýtingu⁶⁰ m.a. að því að staðinn verði vörður um landslags- og náttúrusérkenni og menningararfleifð sem eru hluti af aðdráttaraflí sveitarfélagsins og þar með sá grunnur sem ferðapjónusta byggir á. Þá er gert ráð fyrir að tengsl landbúnaðar og ferðapjónustu verði eflað sérstaklega með það fyrir augum að auka notkun á landbúnaðarafurðum af svæðinu. Ennfremur er stefnt að því að fjölga vönduðum og áhugaverðum áningarstöðum.⁶¹
 - Sett er fram stefna um að gott svigrúm verði fyrir gistipjónustu um leið og friður í íbúðarhverfum verði tryggður. Settar eru reglur um gististaði (heimagistingu og aðra flokka gististaða) í þessum tilgangi.⁶²
 - Sett er fram stefna um að Framnesið styrkist sem svæði fyrir ferðapjónustu og aðra þjónustu í bland við hreinlega athafnastarfsemi. Þar verði heimilt að reisa hótél eða aðra byggingar tengda ferðapjónustu. Einnig að byggja við og breyta húsnæði að Sólvöllum 13 þar sem nú er rekið farfuglaheimili. Við deiliskipulagsgerð verði hugað að því að nýta lóðir næst sjávarbakka fyrir starfsemi sem hefur hag af útsýni. Til að nýta fallett útsýni Fremst á Framnesi er jafnframt gert ráð fyrir nýjum vönduðum áningar-/áfangastað þar sem njóta má fagurs sjónarhorns á Kirkjufell.⁶³
 - Afmarkað er verslunar- og þjónustusvæði í landi Skerðingsstaða fyrir allt að 100 herbergja hótél og allt að 15 gistihýsi. Reikna má með að svo umfangsmikil starfsemi geti haft talsverð jákvæð hagræn áhrif á sveitarfélagið. Sama má segja um verslunar- og þjónustusvæði að Þórdísarstöðum þar sem heimilt verði að reisa gistrými í smáhýsum eða lágreistum byggingum fyrir allt að 200 gesti, ásamt þjónustu- og veitingahúsi fyrir allt að 100 gesti.

⁵⁷ Sbr. kafla 8.2 í aðalskipulagstillögu.

⁵⁸ Sbr. kafla 8.3 í aðalskipulagstillögu.

⁵⁹ Sbr. kafla 8.1 og 8.3 í aðalskipulagstillögu.

⁶⁰ Sbr. 5. kafla aðalskipulagstillögu.

⁶¹ Sbr. kafla 6.3 í aðalskipulagstillögu.

⁶² Sbr. kafla 6.3 í aðalskipulagstillögu.

⁶³ Sbr. kafla 8.3 í aðalskipulagstillögu.

- *Önnur þjónusta:*
 - Í tillögunni er gert ráð fyrir góðu rými fyrir samfélagsþjónustu, aukna starfsemi stofnana sem fyrir eru og nýja þjónustu. Stofnanir fyrir samfélagsþjónustu hafi rými til að stækka og þróa. Rými sé fyrir frekari skólastarfsemi í grennd við grunnskóla, t.d. ef áfram verður haldið á þeirri braut að auka samstarf skóla og samþætta stjórnun þeirra. Gert er ráð fyrir nýju safnaðarheimili við Grundarfjarðarkirkju. Sögumiðstöð verði tryggt rými til stækkunar og/eða þróunar á starfsemi sinni. Gott aðgengi sé að samfélagsþjónustu fyrir fatlaða og aðra með skerta færni til daglegra hluta, fyrir akandi, gangandi og hjólandi.⁶⁴
- *Grunnkerfi:*
 - Í tillögunni er lögð áhersla á að byggja í eyður í byggðinni til að nýta grunnkerfi sem best og skapa heildstæðari byggð með sem stytum vegalengdum í þjónustu, með fjárhagslega hagsmuni íbúa og bæjarsjóðs í huga. Sérstök áhersla verði á að nýta óbyggðar lóðir og fullbyggja hverfi áður en ráðist er í ný hverfi eða nýframkvæmdir við grunnkerfi með tilheyrandi kostnaði.⁶⁵
 - Líkt og fyrra aðalskipulag gerir tillagan fyrir nýrri tengibraut á landfyllingu á suðurhluta hafnarsvæðis, í þeim tilgangi að bæta aðgengi að hafnarsvæði sem fyrirhugað er að stækka og tengingu milli suður- og norðurhluta hafnarsvæðis, sem og til að létta á þungaumferð af Grundargötu (Snæfellsnesvegi 54) í gegnum miðbæinn.⁶⁶
 - Sett er fram stefna um að hlúa að göngu og hjóleiðum sem fararmáta í daglegum ferðum íbúa. Annarsvegar verði það gert með góðum gangstéttum í aðlaðandi göturýmum og hinsvegar með sérstökum stígum sem stytta leiðir til helstu vinnustaða, þjónustustofnana og miðbæjar.⁶⁷
 - Sett er fram stefna um að bílastæði tryggi gott aðgengi að heimilum, þjónustu og vinnustöðum og eru tilgreindar reglur í þeim efnum.⁶⁸
 - Sett er fram markmið um hagkvæm og skilvirk veitukerfi og að áhrif þeirra á umhverfið verði lágmarkuð. Ákvarðanir um landnotkun taki m.a. tillit til hagkvæmni og tæknilegra forsenda í uppbyggingu þjónustukerfa. Leitast verði við að nýta þau grunnkerfi sem fyrir eru sem best, t.d. með þéttingu byggðar í þéttbýli þar sem það á við.⁶⁹
 - Stefnt að að því að flutningskerfi raforku styrkist enn frekar og að við endurnýjun lína sé miðað við að leggja jarðstrengi í stað lína þar sem það er mögulegt.⁷⁰
 - Gert er ráð fyrir að nýting jarðhita til húshitunar verði skoðuð enn frekar og haldið áfram rannsóknum á jarðvarma og leitað leiða til að nýta hann til húshitunar í Grundarfirði. Þannig er áfram gert ráð fyrir vinnslusvæði í Berserkseyrarodda fyrir virkjun jarðhitavatts og heitavattslögn/aðveituæð inni í þéttbýli.⁷¹
 - Tillagan miðar að því að tryggja gæði og framboð neysluvatns gert er ráð fyrir stækkun vatnsverndarsvæða.⁷² Gert er ráð fyrir nýrri stofnæð vatnsveitu í áformaðri landfyllingu á hafnarsvæði H1 til að þjóna atvinnustarfsemi á svæðinu.⁷³

⁶⁴ Sbr. kafla 4.1 í aðalskipulagstillögu.

⁶⁵ Sbr. kafla 4.1 í aðalskipulagstillögu.

⁶⁶ Sbr. kafla 7.1, 8.1 og 8.2 í aðalskipulagstillögu.

⁶⁷ Sbr. kafla 4.3, 7.1 og 8.1 í aðalskipulagstillögu.

⁶⁸ Sbr. kafla 7.1 í aðalskipulagstillögu.

⁶⁹ Sbr. kafla 7.2 í aðalskipulagstillögu.

⁷⁰ Sbr. kafla 7.2 í aðalskipulagstillögu.

⁷¹ Sbr. kafla 6.1 og 7.2 í aðalskipulagstillögu.

⁷² Sbr. kafla 5.2 í aðalskipulagstillögu.

⁷³ Sbr. kafla 5.2 og 8.2 í aðalskipulagstillögu.

- Stefnt er að því að koma fráveitumálum í gott horf með því að setja fram áætlun í fráveitumálum í samræmi við reglugerð um fráveitur og sorp. Í þéttbýlinu verði skólpi safnað saman með sniðræsum í eina dælustöð í Torfabót eða á austanverðu Framnesi, og dælt þaðanút frá stórstraumsfjöru. Stefnt er að því að ofanvatni, svo sem regnvatni af þökum, verði miðlað í jarðveg í stað fráveitukerfis. Í dreifbýli verði fráveitumálum komið í fullnægjandi horf.⁷⁴
- Sett er fram stefna um öflug fjarskipti í sveitarfélaginu, þ.m.t. frekari lagningu ljósleiðara.⁷⁵
- Gert er ráð fyrir að áfram verði möguleiki til lendinga minni flugvéla í sveitarfélaginu. Flugvelli í landi Akurtraða verði viðhaldið þannig að hann uppfylli öryggiskröfur fyrir einkaflug.⁷⁶

Út frá umfjölluninni hér að framan, um stefnumið sem varða hagræna og félagslega þætti, er samræmi aðalskipulagstillögunnar við umhverfisviðmið metin eftirfarandi:

Svör við matsspurningum sem varða áhrif á hagræna og félagslega þætti				
Undirþættir: Atvinnulíf, íbúapróun, þjónusta, samgöngur, fjarskipti, menntun				
Styður tillagan og styrkir samfélag með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru?	já, verul.	já, óverul.	nei	hv.né
Tekur tillagan mið af fyrirsjáanlegum húsnæðisþörfum samfélagsins og lýðfræðilegum breytingum til framtíðar? Stuðlar tillagan að fjölbreyttum húsnæðiskostum, svo sem hvað varðar húsagerðir og stærðir fyrir alla þjóðfélagshópa?	já, verul.	já, óverul.	nei	hv.né
Stuðlar tillagan að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfið? Stuðlar tillagan að nýtingu hlunninda með sjálfbærum hætti? Stuðlar tillagan að því að land sem hentar vel til ræktunar verði almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti?	já, verul.	já, óverul.	nei	hv.né
Styður tillagan við hlutverk Snæfellsness sem matvælaframleiðslusvæðis? Tryggir tillagan nægt framboð af lóðum, á svæðum sem henta vel undir matvælaframleiðslu? Veitir tillagan möguleika á svæðum þar sem almenningi býðst að rækta eigin matjurtir?	já, verul.	já, óverul.	nei	hv.né
Stuðlar tillagan að eflingu ferðaþjónustu í dreifbýli um leið og gætt er að því að varðveita þau gæði sem eru undirstaða ferðaþjónustu? Stuðlar tillagan að því að ávinningur samfélagsins af ferðalögum um Snæfellsnes dreifist sem víðast og komið sé í veg fyrir ofálag á einstaka staði?	já, verul.	já, óverul.	nei	hv.né
Stuðlar tillagan að greiðum, öruggum og vistvænum samgöngum og fjölbreyttum ferðamáttum?	já, verul.	já, óverul.	nei	hv.né
Stuðlar tillagan að tryggjum fjarskiptum í sátt við náttúru og landslag?	já, verul.	já, óverul.	nei	hv.né

⁷⁴ Sbr. kafla 5.2 og 7.4 í aðalskipulagstillögu.

⁷⁵ Sbr. kafla 7.4 í aðalskipulagstillögu.

⁷⁶ Sbr. kafla 7.5 í aðalskipulagstillögu.

4.12 Áhrif á útivist og íþróttir

Hér er gerð grein fyrir þeim stefnumiðum aðalskipulagstillögunnar sem talin eru geta valdið áhrifum á umhverfispáttinn, út frá viðmiðum skilgreindum í viðauka:

- *Útivistarmöguleikar:*
 - Tillagan miðar að því að göngu- og hjólaleiðir í þéttbýlinu myndi þétttriðið net sem aðlaðandi og auðvelt er að fara um allan ársins hring. Gangstéttar verði bættar og gerðar samfelldar sem víðast, einkum á þeim leiðum sem skilgreindar eru sem stofnleiðir og tengileiðir. Gerðir verði stígar þar sem þá vantar til að leiðirnar verði samfelldar. Þveranir yfir götur verði gerðar sem öruggastar með merkingum eða yfirborðsfrágangi. Hjólastæðum verði komið fyrir við stofnanir, í miðbæ og á helstu áningarstöðum. Við endurnýjun gatna eða aðrar framkvæmdir í göturýmum verði hugað að því að breikka gangstéttir á stofn- og tengileiðum til að gera þær aðgengilegri fyrir barnavagna og hjólréiðar. Einnig verði hugað að því að afmarka sérstakar hjólareinar í götum þar sem því verður við komið. Leiðir sem mynda hringi í neðri og efri hluta bæjarins og tengja saman helstu græn svæði, verði mótaðar sem helstu útivistarleiðir. Á þeim verði komið fyrir áningarstöðum með bekkjum og æfingatækjum og umhverfi þeirra hannað t.d. með tilvísun í sjó og land/sveit.⁷⁷
 - Í dreifbýli sveitarfélagsins er gert ráð fyrir neti áhugaverðra gönguleiða. Á sveitarfélagsuppdraetti er skilgreind gönguleið, strandleið, eftir sveitarfélaginu endilöngu meðfram strönd eða í grennd hennar. Gönguleiðin er hugsuð til að bæta öryggi gangandi vegfarenda og upplifun þeirra af því að ferðast um svæðið. Heimilt er að ákveða á framkvæmdaleyfisstigi hvorum megin vegar leiðin liggur en hún er almennt sýnd ofan vegar. Á leiðinni er heimilt að setja upp litla áningarstaði, t.d. með aðstöðu til að borða nesti, njóta útsýnis og skoða lífríki. Auk strandleiðar eru á sveitarfélagsuppdraetti skilgreindar aðalgönguleiðir sem eru lengri leiðir milli einstakra hluta sveitarfélagsins, leiðir sem tengja það við önnur sveitarfélög og leiðir þar sem talið er brýnt að stýra umferð vegna viðkvæmrar náttúru eða tryggja möguleika til að fara um. Aðalgönguleiðirnar byggja á skoðun á leiðum á útgefnum ferðakortum og leiðum sem ferðamenn hafa skráð stafrænt á Netið.⁷⁸
 - Tillagan skilgreinir aðalreiðleið eftir sveitarfélaginu endilöngu sem er hugsuð sem hluti af reiðleið umhverfis Snæfellsnes. Auk þeirrar leiðar eru skilgreindar aðalleiðir á milli meginhluta sveitarfélagsins og yfir Snæfellsnesfjallgarðinn frá norðri til suðurs.⁷⁹
 - Skilgreind er hjólaleið eftir sveitarfélaginu endilöngu meðfram Snæfellsnesvegi og er hún hugsuð sem hluti af hjólaleið umhverfis Snæfellsnes.⁸⁰
 - Gert er ráð fyrir að sjávarbakki Framness og Torfabót verði aðlaðandi útivistarsvæði með gönguleið og bekkjum. Svæðið í Torfabót verði mótað fyrir margvíslega útivist; bæði hreyfingu og afslöppun. Þegar úrbótum í fráveitumálum er lokið⁸¹, verði ströndin í Torfabót gerð aðgengileg til sjóbaða og þar verði aðstaða fyrir sjósport á borð við kajak og sjóbretti.⁸²
- *Íþróttaaðstaða:*
 - Tillagan miðar að góðum aðstæðum til að stunda útiþróttir. Stefnt er að því að vinna áfram að uppbyggingu íþróttavallar og nærliggjandi svæðis sem nýtist til fjölbreyttrar íþróttaiðkunar, einkum knattspyrnu og frjálsíþróttar.

⁷⁷ Sbr. kafla 4.3 og 8.1 í aðalskipulagstillögu.

⁷⁸ Sbr. kafla 7.2 í aðalskipulagstillögu.

⁷⁹ Sbr. kafla 7.2 í aðalskipulagstillögu.

⁸⁰ Sbr. kafla 7.2 í aðalskipulagstillögu.

⁸¹ Sbr. kafla 7.4 í aðalskipulagstillögu.

⁸² Sbr. kafla 8.3 í aðalskipulagstillögu.

- Skíðasvæðið verði framlengt til suðurs og lagður nýr akvegur að því vestan megin frá. Gert er ráð fyrir nýju skíðasvæði, talsvert sunnan Nónkúlu og upp undir Eldhömrum. Svæðið er hugsað sem framhald af neðra skíðasvæði, en tenging þeirra hefur þó ekki verið skilgreind.
- Í Torfabót verði komið upp strandútivistarsvæði með aðstöðu fyrir kajak, sjósund, strandbað, útigrill eða annað í þeim dúr. Gert er ráð fyrir uppbyggingu mannvirkja; aðstöðuhúss og umhverfis þess, á skotæfingasvæði í Hrafnkelsstaðabotni. Til skoðunar er að gera ráð fyrir nýju svæði fyrir tómstundabúskap sunnanvert við hesthúsahverfi.⁸³
- **Skólalóðir:**
 - Í tillögunni er stefna um að náms- og starfsumhverfi barna og ungmenna verði vandað, vel sé að þeim búið og fjölþættum þörfum þeirra mætt. Skólalóðir verði vel úr garði gerðar fyrir leik og útiveru og hönnun þeirra og umhverfismótun sé tengd við sögu og sérkenni Snæfellsness. Stutt verði við möguleika allra skólastiga til að nýta sér útikennslu til að styrkja þekkingu þeirra um sérstöðu svæðisins, náttúru- og menningararf.⁸⁴

Út frá umfjölluninni hér að framan, um stefnumið sem varða útivist og íþróttir, er samræmi aðalskipulagstillögunnar við umhverfisviðmið metin eftirfarandi:

Svör við matsspurningum sem varða áhrif á útivist og íþróttir				
Undirþættir: Aðgengi og möguleikar til útivistar og íþróttar				
Stuðlar tillagan að heilnæmu umhverfi sem veitir möguleika til fjölbreyttrar útiveru?	já, verul.	já, óverul.	nei	hv.né
Stuðlar tillagan að góðri aðstöðu til iðkunar margvíslegra íþróttar?	já, verul.	já, óverul.	nei	hv.né
Stuðlar tillagan að því að skólalóðir verði vel úr garði gerðar fyrir leik og útiveru og að hönnun þeirra og umhverfismótun verði tengd við sögu og sérkenni Snæfellsness?	já, verul.	já, óverul.	nei	hv.né

4.13 Byggðarmynstur

Hér er gerð grein fyrir þeim stefnumiðum aðalskipulagstillögunnar sem talin eru geta valdið áhrifum á umhverfispáttinn, út frá viðmiðum skilgreindum í viðauka:

- **Dreifing byggðar, þéttleiki og blöndun:**
 - Í tillögunni er lagt til að uppbygging íbúðarhúsnæðis verði fyrst og fremst í þéttbýlinu en í dreifbýli verði heimilt að reisa 2 stök íbúðarhús á hverri jörð í samræmi við stefnu um landbúnaðarsvæði. Innan þéttbýlis er lögð áhersla á að deiliskipuleggja og þróa svæði til íbúðarbygginga í og nálægt miðbæ, með blöndun byggðar, m.a. með möguleika á þjónustustarfsemi á jarðhæð og íbúðum á efri hæð(um). Þá er lögð áhersla á að byggja í eyður í byggðinni til að nýta grunnkerfi sem best og skapa heildstæðari byggð með sem stystum vegalengdum í þjónustu, með fjárhagslega hagsmuni íbúa og bæjarsjóðs í huga. Sérstök áhersla verði á að nýta óbyggðar lóðir og fullbyggja hverfi áður en ráðist er í ný hverfi eða nýframkvæmdir við grunnkerfi með tilheyrandi kostnaði.⁸⁵

⁸³ Sbr. kafla 4.3 í aðalskipulagstillögu.

⁸⁴ Sbr. kafla 4.2 í aðalskipulagstillögu.

⁸⁵ Sbr. kafla 8.1 í aðalskipulagstillögu.

- Stefna tillögunnar er að iðnaðar- og athafnastarfsemi verði beint í þéttbýli nema þeirri sem beint tengist búskap eða nýtingu staðbundinna auðlinda.⁸⁶
- *Vaxtarmörk þéttbýlis:*
 - Mörk þéttbýlis eru dregin út frá því sjónarmiði að skýr skil séu á milli bæjar og sveitar og að byggðin þróist mest innan þéttbýlismarka.

Út frá umfjölluninni hér að framan, um stefnumið sem varða byggðarmynstur, er samræmi aðalskipulagstillögunnar við umhverfisviðmið metin eftirfarandi:

Svör við matsspurningum sem varða áhrif á byggðarmynstur				
Undirþættir: Einkenni byggðar, s.s. þéttleiki og yfirbragð, tengsl við þjónustu og opin svæði				
Stuðlar tillagan að sjálfbærri þróun þéttbýlisstaða með þétttri, samfelldri byggð, endurskipulagningu vannýttra svæða og eflingu nærsamfélags? Stuðlar tillagan að því að þétta byggð og blanda atvinnustarfsemi, verslun og þjónustu, og tengja við íbúðarbyggð í þágu sjálfbærni daglegs lífs og aukinna lífsgæða?	já, verul.	já, óverul.	nei	hv.né
Skilgreinir tillagan vaxtarmörk þéttbýlis með það fyrir augum að efla það og standa vörð um verðmæt náttúrusvæði og landbúnaðarland?	já, verul.	já, óverul.	nei	hv.né

⁸⁶ Sbr. kafla 6.1 í aðalskipulagstillögu.

4.14 Heildaráhrif aðalskipulagstillögunnar á alla umhverfisþætti

Samandregið eru áhrif aðalskipulagstillögunnar á umhverfið metin eftirfarandi:

Heildarsamræmi við umhverfisviðmið				
Umhverfisþáttur	Er tillagan í samræmi við umhverfisviðmið?			
Loft og veðurfar	já, verul.	já, óverul.	nei	hv.né
Vatn og sjór	já, verul.	já, óverul.	nei	hv.né
Land og sjávarbotn	já, verul.	já, óverul.	nei	hv.né
Vistkerfi	já, verul.	já, óverul.	nei	hv.né
Orkulindir	já, verul.	já, óverul.	nei	hv.né
Heilsa og öryggi	já, verul.	já, óverul.	nei	hv.né
Náttúruminjar	já, verul.	já, óverul.	nei	hv.né
Menningarminjar	já, verul.	já, óverul.	nei	hv.né
Landslag, byggðarmynstur og yfirbragð byggðar	já, verul.	já, óverul.	nei	hv.né
Hagrænir og félagslegir þættir	já, verul.	já, óverul.	nei	hv.né
Útivist og íþróttir	já, verul.	já, óverul.	nei	hv.né
Heildarsamræmi	Já		nei	hv.né

Samkvæmt matinu telst aðalskipulagstillagan í heild sinni í samræmi við öll umhverfisviðmið og því telst hún hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Ekkert ósamræmi við umhverfisviðmið var greint.

4.15 Vöktun

Ekki þykir tilefni til að vakta tiltekna umhverfisþætti vegna stefnu aðalskipulagstillögunnar.

5 SAMANTEKT

Þessi umhverfisskýrsla er fylgiskjal með tillögu að Aðalskipulagi Grundarfjarðarbæjar 2019-2039. Í henni er gerð grein fyrir umhverfismati tillögunnar samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Tilgangur umhverfismats er að stuðla að því að við áætlanagerð og stefnumótun sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða og stuðlað að sjálfbærri þróun.⁸⁷ Í tilviki aðalskipulags snýr stefnumótunin að landnotkun, byggðapróun, byggðamynstri, samgöngu- og þjónustukerfum og umhverfismálum í sveitarfélaginu.⁸⁸ Mat á aðalskipulagstigi er fremur almennt í samræmi við þá almennu stefnu sem sett er fram á því skipulagsstigi til nánari úfærslu við deiliskipulagsgerð og hönnun. Nánara mat fer fram á deiliskipulagsstigi og framkvæmdastigi eftir því sem við á.

Í skýrslunni er dregið fram hvaða stefnumið aðalskipulagstillögunnar hafa áhrif á einstaka umhverfisþætti með því að svara tilteknum matsspurningum sem mótaðar voru á grunni umhverfisviðmiða (sjá viðauka). Ef svar við matsspurningunni er jákvætt telst tillagan vera í samræmi við viðmiðin og hafa jákvæð áhrif, en ef svarið er neikvætt er tillagan í ósamræmi við viðmiðin og áhrifn teljast þá neikvæð.

Samkvæmt matinu telst aðalskipulagstillagan í heild sinni í samræmi við öll umhverfisviðmið og því telst hún hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Ekkert ósamræmi við umhverfisviðmið var greint, enda voru þau höfð til hliðsjónar við mótun tillögunnar.

⁸⁷ Sbr. 1. gr. laga um umhverfismat áætlana.

⁸⁸ Sbr. 2. gr. skipulagslaga.

6 VIÐAUKI: UMHVERFISVIÐMIÐ

Uppbygging lista yfir viðmið og matsspurningar

Listi yfir viðmið og matsspurningar, sbr. töflur hér á eftir, er byggður upp á eftirfarandi hátt: Sett er fram ein tafla fyrir hvern umhverfispátt og undirþætti hans. Tilgreind eru þau viðmið úr stefnuskjölum í kafla 3.2 sem talin eru eiga við umhverfispáttinn. Síðan eru settar fram matsspurningar út frá þeim viðmiðum. Matsspurningarnar rata síðan í matstöflur í 4. kafla umhverfisskýrslunnar.

Umhverfispáttur og undirþættir	
Viðmið	Vísað er í eftirtalda flokka áætlana með skammstöfunum: • AES: Alþjóðasamningar og evrópskar samþykktir. • LSK: Landsskipulagsstefna • ÖSL: Önnur stefna á landsvísu (önnur en LSK) • SSK: Svæðisskipulag Snæfellsness 2014-2026. Aðeins eru tekin með þau viðmið sem talin eru varða efni og umfang aðalskipulagstillögunnar.
Mats-spurningar	Hér eru settar fram spurningar út frá viðmiðunum. Ef svar við þeim er jákvætt telst skipulagstillagan hafa jákvæð áhrif. Ef svarið er neikvætt eru áhrifn neikvæð. Ef spurningin á ekki við viðkomandi tillögu þá er merkt við á ekki við (á.e.v.)

Listi yfir viðmið og matsspurningar út frá þeim viðmiðum

Á næstu blaðsíðum er hver umhverfispáttur tekinn fyrir og gerð grein fyrir þeim viðmiðum sem eiga við hann og settar fram matsspurningar út frá þeim.

Andrúmsloft og veðurfar		
Undirþættir: Gróðurhúsaáhrif		
Viðmið	AES ÖSL	Stemmt verði stígu við auknum gróðurhúsaáhrifum með því að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda af manna völdum og vernda og auka viðtaka og geyma (þ.e. lífmassa, skóga, höf og önnur vistkerfi á landi, á ströndum og í hafi) fyrir gróðurhúsalofttegundir.
	SSK	U20 Snæfellsnes sé án mengandi stóriðju og án starfsemi sem getur ógnað hreinleikaímynd svæðisins og hagsmunum matvælaframleiðslu.
Mats- spurningar		Stuðlar tillagan að minna útstreymi gróðurhúsalofttegunda?
		Verndar eða eykur tillagan viðtaka og geyma fyrir gróðurhúsalofttegundir?
		Styður tillagan við hreinleikaímynd Snæfellsness eða hagsmuni matvælaframleiðslu þar?
Yfirborðsvatn, grunnvatn, strandsvæði		
Undirþættir: Vatnsgæði, vatnsbúskapur, strandsjór		
Viðmið	LSK	Gætt verði að álagi á vatn og vatnsvernd.
	SSK	U4 Nýting vatns, jarðefna, gróðurs og annarra náttúruauðlinda sé með sjálfbærum hætti.
		U17 Aðgengi að fersku og heilnæmu vatni, til manneldis og matvælaframleiðslu, sé ávallt tryggt, a.m.k. í þéttbýli.
		U17.1 Tryggja vatnsverndarsvæðum sveitarfélaga nægilegt rými í aðalskipulagi. Tryggja möguleika til stækkunar þeirra (aukningar vatns).
		U18 Nýting vatnsauðlinda sé sjálfbær og umgengni um þær til fyrirmyndar.
Mats- spurningar		Stuðlar tillagan að verndun vatnsgæða og góðri umgengi um vatnsauðlindir?
		Tryggir tillagan nægjanlegt rými vatnsverndarsvæða til mögulegrar stækkunar þeirra?
		Styður tillagan við hreinleikaímynd Snæfellsness eða hagsmuni matvælaframleiðslu þar?
Land og sjávarbotn		
Undirþættir: Jarðmyndanir, jarðvegur, jarðhitasvæði		
Viðmið	LSK	4.1 Sjálfbær nýting auðlinda: Skipulag nýtingar á haf- og strandsvæðum grundvallist á heildarsýn á málefni hafsins þar sem viðhaldið verði heilbrigði, líffræðilegri fjölbreytni og framleiðslugetu hafsins. Skipulagsákvæðanir um staðbundna nýtingu á haf- og strandsvæðum byggist á vistkerfisnálgun og stuðli þannig að viðhaldi vistkerfa og sjálfbærri nýtingu auðlinda.

	SSK	U10 Jarðfræðilega merkileg svæði og fallegar jarðminjar séu verndaðar. U10.2 Afmarka í aðalskipulagi merkileg og viðkvæm svæði m.t.t. jarðfræði og setja skilmála um landnotkun, mannvirkjagerð og umgengni, sem miða að því að viðhalda sérkennum þeirra, t.d. með því að beita hverfisverndun eða friðun eftir því sem við á. Dæmi um slík svæði eru: Berserkjahraun, setlögin í Búlandshöfða, Hraunsfjörður, Gerðuberg og Drápuhlíð. U10.3 Marka stefnu um skógrækt í aðalskipulagi sem tekur tillit til merkra jarðminja. Ekki verði plantað í hraun Mörk slíkra svæða verði dregin í aðalskipulagi sveitarfélaganna. U10.4 Kortleggja núverandi möguleg efnistökusvæði og marka stefnu í aðalskipulagi um nýtingu þeirra og frágang, m.t.t. annarrar landnotkunar og stefnu svæðisskipulagsins um LANDSLAG. U10.5 Ganga frá námum sem ekki eru lengur í notkun.
Mats-spurningar		Stuðlar tillagan að því að viðhald heilbrigði, líffræðilegri fjölbreytni og framleiðslugetu hafsins?
		Stuðlar tillagan að verndun jarðfræðilega merkilegra svæða og jarðminja og kemur hún í veg fyrir að trjám verði plantað í hraun?
		Tryggir tillagan frágang náma sem ekki eru lengur í notkun?
Vistkerfi Undirþættir: Vistgerðir og/eða búsvæði, gróðurfar, dýralíf, líffræðileg fjölbreytni		
Viðmið	AES	Allir villtir fuglar skulu verndaðir. Stjórnvöld mega veita undanþágu frá þessari almennu reglu í þágu vísinda og menntunar, og hvað varðar vargfugla. Alþjóðasamþykkt um fuglavernd, (París 1950).
		Markmið samningsins er að stuðla að verndun og skynsamlegri nýtingu votlendissvæða í heiminum, sérstaklega sem lífsvæði fyrir votlendisfugla. Ekkert svæði á Snæfellsnesi hefur verið tilnefnt á skrá samningsins yfir alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði. (Samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf, Ramsar 1971).
		Gera ber nauðsynlegar ráðstafanir til að viðhalda, eða aðlaga, stofnstærð villtra dýra og plantna, í samræmi við vistfræðilegar, vísindalegar og menningarlegar kröfur. (Samningur um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu, Bern 1979).

	SSK	U11 Fjölbreytni fuglalífs og gróðurs viðhaldist. U11.1 Afmarka í aðalskipulagi merkileg og viðkvæm búsvæði fugla og gróðurs og setja skilmála um landnotkun, nýtingu, mannvirkjagerð og umgengni, sem miða að því að viðhalda heilbrigði vistkerfa og líffræðilegri fjölbreytni t.d. með því að beita hverfisverndun eða friðun eftir því sem við á. U11.2 Stemma stigu við útbreiðslu minks, tófu og annars vargs og koma í veg fyrir að lúpína og aðrar ágengar tegundir breiðist yfir gróðurlendi og ræktað land. Fara jafnframt varlega í notkun framandi tegunda sem ekki eru sérkennandi fyrir Snæfellsnes. U11.3 Marka stefnu um skógrækt í aðalskipulagi, í samvinnu við skógræktarfélag og Vesturlandsskóga, sem tekur tillit til verðmætra fuglasvæða og gróðurlenda. U11.4 Vernda náttúrulega birkiskóga, s.s. Sauraskóg. U11.5 Koma í veg fyrir ofálag á viðkvæmum svæðum vegna beitar eða umferðar. U11.6 Vernda óröskuð votlendi og endurheimta votlendi þar sem mögulegt er og ekki er lengur áformað að rækta á svæðinu. Endurheimt verði þó skoðuð m.t.t. stefnu um varðveislu verðmæts landbúnaðarlands, sbr. markmið U11.7 Spilla ekki fjörum og hreinsa þær reglulega.
Mats-spurningar		Stuðlar tillagan að því að viðhalda heilbrigði vistkerfa og líffræðilegri fjölbreytni, ekki síst fuglalífs og gróðurs? Stuðlar tillagan að verndun villtra fugla? Stuðlar tillagan að því að ekki verði ofálag á viðkvæmum svæðum vegna beitar eða umferðar?
		Stuðlar tillagan að verndun óraskaðra votlenda og að endurheimts votlendis þar sem mögulegt er og ekki er lengur áformað að rækta, að teknu tilliti til varðveislu verðmæts landbúnaðarlands?
		Miðar tillagan að því að stemma stigu við útbreiðslu lúpínu og annarra ágengra tegunda yfir gróðurlendi og ræktað land?
		Stuðlar tillagan að verndun náttúrulegra birkiskóga?
		Kemur tillagan í veg fyrir að fjörum verði spillt?
Orkulindir		
Undirþættir: Endurnýjanlegir orkugjafar, orkunýtni, notkun jarðefnaeldsneytis		
Viðmið	LSK	2.5 Orkumannvirki og örugg afhending raforku í sátt við náttúru og umhverfi: Skipulag gefi kost á að nýta orkulindir í dreifbýli með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi. Jafnframt gefi skipulag kost á uppbyggingu flutningsmannvirkja raforku sem tryggi örugga afhendingu raforku. Mannvirki vegna orkuvinnslu og orkuflutnings falli sem best að landslagi og annarri landnotkun. 2.5.1 Orkunýting og raforkuflutningur í skipulagsáætlunum: Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði tekin afstaða til möguleika á orkuframleiðslu með vatnsafli, jarðvarma og vindorku í sátt við náttúru og samfélag. Skipulagsákvæðanir um raforkuflutningsmannvirki geri kleift að tryggja örugga afhendingu raforku, um leið og tekið er tillit til áhrifa á náttúru og landslag. Við skipulagsákvæðanir um nýja orkuvinnslukosti og lagningu raflína verði lagt mat á umhverfisáhrif, þar á meðal sjónræn áhrif, og leitast við að velja þann kost sem valdi minnstum neikvæðum umhverfisáhrifum.

	ÖSL	Framleiðsla og dreifing raforku mæti þörfum atvinnulífs og almennings alls staðar á landinu hvað varðar flutningsgetu og afhendingaröryggi. (Þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2014–2017).
	SSK	U37 Fyrirtækjum, íbúum og ferðamönnum sé tryggður góður aðgangur að heitu vatni. U37.1 Halda áfram rannsóknum á jarðvarma á svæðinu og kostum á nýtingu hans. U38 Öruggr dreifing raforku sé tryggð um allt Snæfellsnes. U38.1 Leita leiða til að auka raforkuöryggi og lækka orkukostnaðinn á svæðinu. U38.2 Vinna að því að allar raflínur verði lagðar í jörðu.
Mats-spurningar		Gefur tillagan kost á að nýta orkulindir í dreifbýli með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi?
		Stuðlar tillagan að öruggri afhendingu raforku með því að gefa kost á uppbyggingu flutningsmannvirkja, um leið og tekið er tillit til áhrifa á náttúru og landslag? Miðar tillagan að því að allar raflínur verði lagðar í jörðu?
Heilsa og öryggi		
Undirþættir: Heilsufar íbúa, náttúruvá, umferðaröryggi, slysaþætta, matvælaöryggi		
Viðmið	LSK	2.8 Skipulag með tilliti til náttúruvá og loftslagsbreytinga: Skipulag landnotkunar stuðli að öryggi almennings gagnvart náttúruvá og loftslagsbreytingum. 2.8.1 Skipulagsgerð sveitarfélaga með tilliti til náttúruvá og loftslagsbreytinga: Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði tekið tillit til þeirrar hættu sem stafar af náttúruvá, svo sem snjóflóðum, skriðuföllum, vatnsflóðum, eldgosum, jökulhlaupum og jarðskjálftum. Sérstaklega verði hugað að hættu sem fylgir gróðureldum og hugað að flóttaleiðum og brunavörnum í frístundabyggð og á skógræktarsvæðum. Einnig verði, eftir því sem við á, tekið tillit til loftslagsbreytinga, svo sem þar sem þær leiða til breytinga á rennsli eða farvegum jökuláa, flóðahættu eða sandfoks. 3.3.2 Heilnæmt umhverfi: Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði stuðlað að heilnæmi umhverfis með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsmeðhöndlun, hljóðvist og loftgæði. Sérstaklega verði hugað að umhverfisvænum lausnum þar sem það á við, svo sem varðandi möguleika til flokkunar og endurvinnslu, sjálfbærar ofanvatnslausnir og aukna nýtni við auðlindanotkun. 3.7 Náttúruvá og loftslagsbreytingar: Við skipulag byggðar verði tekið tillit til náttúruvá og loftslagsbreytinga. 3.7.1 Skipulag með tilliti til náttúruvá og umhverfisbreytinga: Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði hugað að því hvernig megi með skipulagsaðgerðum draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Jafnframt verði tekið tillit til áhrifa loftslagsbreytinga, svo sem vegna hækkunar sjávarborðs, og náttúruvá, svo sem snjóflóða, skriðufalla, vatnsflóða, eldgosa, jökulhlaupa og jarðskjálfta, með það að markmiði að varna slysum á fólki og tjóni á mannvirkjum. Upplýsingar Veðurstofu Íslands um náttúruvá og loftslagsbreytingar verði lagðar til grundvallar skipulagsákvörðunum.
	ÖSL	Áætlunin setur fram áherslur sem stuðla eiga að markmiðum um greiðar, hagkvæmar, umhverfislega sjálfbærar og öruggar samgöngur. (Samgönguáætlun 2011-2022, þingsályktun).

	SSK	U6 Aðgengi að leik- og grunnskólum sé gott og umhverfi þeirra sé vandað og til fyrirmyndar. U6.1 Tryggja öruggar aksturs-, hjóla- og gönguleiðir að skólum og að skólaakstur sé í boði þar sem þess er þörf.
Mats-spurningar		Tekur tillagan tillit til þeirrar hættu sem stafar af náttúruvá, svo sem snjóflóðum, skriðuföllum, vatnsflóðum, eldgosum, jökulhlaupum, jarðskjálftum og gróðureldum? Tekur tillagan tillit til loftslagsbreytinga, svo sem þar sem þær leiða til breytinga á rennsli eða farvegum jökuláa, flóðahættu eða sandfoks?
		Stuðlar tillagan að heilnæmi umhverfis með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsméðhöndlun, hljóðvist og loftgæði?
		Tryggir tillagan að umferðaröryggi, þ.m.t. örugum aksturs-, hjóla- og gönguleiðum til og frá skólum?
Náttúruminjar Undirþættir: Friðlýst svæði, svæði í Náttúruverndaráætlun, svæði háð náttúruverndarlögum, önnur svæði á náttúruminjaskrá, hverfisverndarsvæði, aðrar náttúruminjar		
Viðmið	AES	Skylda aðildarríkis til að skilgreina, vernda, varðveita, kynna og miðla til komandi kynslóða menningar- og náttúruarfleifð sem hefur sérstakt alþjóðlegt gildi og er á yfirráðasvæði þess. (Samningur um verndun menningar- og náttúruarfleifðar heimsins, C 42/1995).
	ÖSL	Markmið og ákvæði laga um náttúruvernd.
	SSK	U10 Jarðfræðilega merkileg svæði og fallegar jarðminjar séu verndaðar. U10.1 Vinna að því að hluti Snæfellsness eða allt svæðið fái viðurkenningu Samtaka jarðvanga í Evrópu (European Geoparks Network) sem jarðvangur. U10.2 Afmarka í aðalskipulagi merkileg og viðkvæm svæði m.t.t. jarðfræði og setja skilmála um landnotkun, mannvirkjagerð og umgengni, sem miða að því að viðhalda sérkennum þeirra, t.d. með því að beita hverfisverndun eða friðun eftir því sem við á. Dæmi um slík svæði eru: Berserkjahraun, setlögin í Búlandshöfða, Hraunsfjörður, Gerðuberg og Drápuhlíð. U10.3 Marka stefnu um skógrækt í aðalskipulagi sem tekur tillit til merkra jarðminja. Ekki verði plantað í hraun og ekki umhverfis Snæfellsjökul. Mörk slíkra svæða verði dregin í aðalskipulagi sveitarfélaganna. Sjá einnig markmið U12 um að uppbygging og landnýting í sveitum taki tillit til landslagseinkenna.
Mats-spurningar		Stuðlar tillagan að verndun náttúruarfleifðar sem hefur sérstakt alþjóðlegt gildi?
		Stuðlar tillagan að verndun svæða á náttúruminjaskrá og annarra svæða sem falla undir lög um náttúruvernd?
		Stuðlar tillagan að verndun jarðfræðilega merkilegra svæða og jarðminja og kemur hún í veg fyrir að trjám verði plantað í hraun?

Menningarminjar		
Undirþættir: Friðlýstar og aðrar fornleifar, friðuð hús, minjar sem njóta hverfisverndar, önnur menningarverðmæti		
Viðmið	AES	Skylda aðildarríkis til að skilgreina, vernda, varðveita, kynna og miðla til komandi kynslóða menningar- og náttúruarfleifð sem hefur sérstakt alþjóðlegt gildi og er á yfirráðasvæði þess. (Samningur um verndun menningar- og náttúruarfleifðar heimsins, C 42/1995).
	LSK	2.2 Umhverfis- og menningargæði: Skipulag landnotkunar stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi.
	ÖSL	Markmið og ákvæði laga um menningarminjar.
	SSK	U5 Menningararfur Snæfellinga sé sýnilegur og aðgengilegur sem víðast. U5.1 Ljúka við fornleifaskráningu á öllu svæðinu, meta verndargildi fornleifa, annarra menningarminja og minjaheilda og marka stefnu í aðalskipulagi um verndun og nýtingu á grunni þess. U5.2 Gera yfirlit yfir fornleifa-/minjastaði og minjaheildir sem liggja undir skemmdum og gera áætlun um viðhald þeirra. U5.3 Merkja áhugaverða minjastaði í góðum tengslum við vegi eða göngu- og hjólaleiðir og kynna og móta sem áfangastaði. U5.4 Standa vörð um gömul hús sem bera vitni um byggðasögu svæðisins.
Mats-spurningar		
		Stuðlar tillagan að verndun menningararfleifðar sem hefur sérstakt alþjóðlegt gildi?
		Stuðlar tillagan að verndun minja sem falla undir lög um menningarminjar? Stuðlar tillagan að því að menningararfur Snæfellinga sé sýnilegur og aðgengilegur sem víðast?
		Stuðlar tillagan að verndun byggingararfs? Stuðlar tillagan að verndun gamalla húsa sem bera vitni um byggðasögu svæðisins?
Landslag - náttúrulegt og menningarlegt		
Undirþættir: Víðerni, ósnortið/náttúrulegt yfirbragð, fjölbreytileiki landslags, andstæður í landslagi, sérstaða/fágæti		
Viðmið	AES	Að veita landslagi ákveðinn sess í lögum og viðurkenna mikilvægi þess í umhverfi landsins. Að móta og framfylgja stefnu um landslag sem miðar að verndun, nýtingu og skipulagi þess. Að tryggja aðkomu almennings o.fl. að mótun stefnu um landslag. Að huga að landslagi við aðra stefnumótun, svo sem í stefnu um byggðapróun, menningarmál, landbúnað, félagsmál og efnahagsmál.

LSK	2.2 Umhverfis- og menningargæði: Skipulag landnotkunar stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi. 2.2.1 Byggð falli að landslagi og náttúru: Skipulagsáætlanir sveitarfélaga marki stefnu um gæði og yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja í dreifbýli. Skipulagsákvæðanir um staðsetningu og hönnun nýrra mannvirkja í dreifbýli taki mið af byggingarhefðum, landslagi og staðháttum. Um leið verði gætt að hagkvæmni varðandi sam-göngur og veitur og að byggð gangi ekki að óþörfu á svæði sem eru verðmæt til landbúnaðar eða vegna náttúruverndar. Við skipulag frístundabyggðar verði almennt miðað að afmörkuðum en samfelldum frístundabyggðarsvæðum sem gefi notendum þeirra kost á góðum tækifærum til útiveru um leið og gætt er að því að frístundabyggðin skerði ekki mikilvæg eða viðkvæm svæði með tilliti til landbúnaðar eða náttúruverndar. Flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðaflokkun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum. 2.2.2 Náttúra, menningararfur og heilnæmt umhverfi: Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði leitast við að varðveita náttúru- og menningargæði sem hafa staðbundið, eða viðtækara, gildi út frá sögu, náttúrufari eða menningu. Það getur m.a. falist í stefnu um vistheimt og verndun og eflingu gróðurs og jarðvegs. Jafnframt verði gætt að álagi á vatn og vatnsvernd. Landslagsgreining og vistgerðaflokkun ásamt áætlunum um uppgræðslu lands og vatnaáætlun verði lagðar til grundvallar skipulagsákvörðunum. 3.3 Gæði hins byggða umhverfis: Skipulag byggðar og bæjahönnun stuðli að gæðum í hinu byggða umhverfi og að yfirbragð og mælikvarði nýrrar byggðar falli að bæjarmynd viðkomandi staðar og sögulegri byggð. Jafnframt verði stuðlað að heilnæmu umhverfi sem veiti góð skilyrði til búsetu og möguleika til fjölbreyttrar útiveru.
SSK	U1.2 Fegra götur og önnur almenningssvæði í þéttbýli og byggja upp aðlaðandi útivistarsvæði og net göngu- og hjólaleiða í þéttbýli og dreifbýli. U12 Uppbygging og landnýting í sveitum taki tillit til landslagseinkenna Snæfellsness. U12.1 Nýta og útfæra nánar greiningu sem var unnin vegna svæðisskipulagsvinnunnar til að afmarka merkileg og viðkvæm svæði í aðalskipulagi. Setja skilmála um landnotkun, mannvirkjagerð og umgengni, sem miða að því að viðhalda sérkennum þessara svæða. U12.2 Marka stefnu um skógrækt í aðalskipulagi, í samvinnu við Vesturlandsskóga, skógræktarfélag, náttúruvannsóknarstofnanir, landeigendur og almenning. Stefnan taki tillit til landslagseinkenna, sérstæðra kennileita, merkilegra jarðmyndana, verðmætra vistkerfa og búsvæða, s.s. votlendis og svæða sem njóta verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd, fjarlægðar frá ám og vötnum, svæða sem henta vel til tún- eða kornræktar, nærliggjandi landnotkunar, fornleifa og annarra búsetuminja. U12.4 Bæta landgæði og ásýnd lands með uppgræðslu rofsvæða og lítt eða ógróins lands, einnig með frágangi á fullnýttum efnistökusvæðum og gömlum urðunarstöðum. U13 Mótun umhverfis og mannvirkjagerð sé vönduð og taki mið af og styrki sérkenni og staðaranda Snæfellsness. Umgengni sé snyrtileg.

		U13.1 Marka stefnu í aðalskipulagi og móta deiliskipulag og skilmála sem virða verðmætt búsetulandslag, merk mannvirki, fornleifar og aðrar markverðar menningarminjar. U13.2 Leitast við að á Snæfellsnesi falli hæð bygginga vel að umhverfi sínu. U13.3 Leggja áherslu á fallett heildaryfirbragð bygginga á bújörðum og svæðum fyrir frístundabyggð. Byggingar falli vel að að landslagi og búsetuminjar verði virtar. U13.4 Marka stefnu um útlit, efni, stærð og staðsetningu skilta og annarra merkinga fyrir áfangastaði og ferðaleiðir á svæðinu. Stefnan taki tillit til viðeigandi laga og reglugerða um auglýsingar meðfram vegum og annarsstaðar utan þéttbýlis. U13.7 Hvetja íbúa til að hugsa vel um eignir sínar, lóðir og jarðir og ganga vel um.
Mats-spurningar		Stuðlar tillagan að vandaðri mótun umhverfis og mannvirkjagerðar sem tekur mið af landslagi og staðháttum og styrkir sérkenni og staðaranda Snæfellsness? Stuðlar tillagan að fallegu heildaryfirbragði bygginga á bújörðum og svæðum fyrir frístundabyggð? Stuðlar tillagan að því að hæð bygginga falli vel að umhverfi sínu? Miðar tillagan að afmörkuðum en samfelldum frístundabyggðarsvæðum sem gefa notendum þeirra kost á góðum tækifærum til útiveru um leið og gætt er að því að frístundabyggðin skerði ekki mikilvæg eða viðkvæm svæði með tilliti til landbúnaðar eða náttúruverndar? Stuðlar tillagan að bættum landgæðum og ásýnd lands með uppgræðslu rofsvæða og lítt eða ógróins lands og með frágangi á fullnýttum efnistökusvæðum og gömlum urðunarstöðum?
Hagrænir og félagslegir þættir Undirþættir: Atvinnulíf, íbúapróun, þjónusta, samgöngur, fjarksipti, menntun		
Viðmið	LSK	2.1 Sjálfbær byggð í dreifbýli: Skipulag landnotkunar styðji við búsetu og samfélag í dreifbýli með langtímasýn um ráðstöfun lands til nýtingar og verndar og samþætti stefnu um byggðapróun í þéttbýli og dreifbýli. 2.1.1 Sjálfbær byggð í skipulagsáætlunum: Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði miðað að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru. Í dreifbýli tengist fjölgun íbúða fremur búrekstri eða annarri staðbundinni landnýtingu eða atvinnustarfsemi. 2.3 Sjálfbær nýting landbúnaðarlands: Skipulag landnotkunar stuðli að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfið. 2.3.1 Skipulag landbúnaðarlands: Í aðalskipulagi byggist skipulagsákvæðanir um ráðstöfun lands í dreifbýli til landbúnaðar og annarrar nýtingar á flokkun landbúnaðarlands. Landi sem hentar vel til ræktunar verði almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti. Val á svæðum til skógræktar og stefna um þau taki mið af því að skógrækt falli vel að landi og að eftir því sem við á séu samþætt sjónarmið skógræktar, annars landbúnaðar og útivistar. Flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðaflokkun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum um landbúnaðarland. 2.4 Ferðapjónusta í sátt við náttúru og umhverfi: Skipulag landnotkunar stuðli að eflingu ferðapjónustu í dreifbýli um leið og gætt verði að því að varðveita þau gæði sem eru undirstaða ferðapjónustu. 2.4.1 Ferðapjónusta á grunni sérstöðu og umhverfisgæða: Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði leitast við að greina sérstöðu, styrkleika og staðaranda

viðkomandi svæðis með tilliti til tækifæra í ferðaþjónustu. Skipulagsákvæðanir um ferðaþjónustu taki mið af náttúruverndarsjónarmiðum og kortlagningu á auðlindum ferðaþjónustunnar og miði jafnframt að því að ferðaþjónustuuppbygging nýtist jafnt íbúum á svæðinu og ferðamönnum.

2.6 Sjálfbærar samgöngur: Skipulag landnotkunar feli í sér samþætta stefnu um byggðapróun í þéttbýli og dreifbýli með áherslu á greiðar, öruggar og vistvænar samgöngur og fjölbreyttan ferðamáta.

2.6.1 Samgöngur innan vinnusóknarsvæða: Skipulagsgerð sveitarfélaga stuðli að greiðum samgöngum innan skilgreindra vinnusóknar- og þjónustusvæða meginkjarna, með styrkingu byggðar að leiðarljósi.

2.6.2 Ferðamannaleiðir: Sveitarfélög nýti skipulagsgerð til þess að skilgreina meginleiðir ferðamanna, gangandi, ríðandi og hjólandi.

2.6.3 Skipulag annarra vega en þjóðvega í náttúru Íslands: Sveitarfélög geri grein fyrir og marki stefnu um aðra vegi en þjóðvegi í aðalskipulagi í samræmi við lög um náttúruvernd.

2.7 Trygg fjarskipti í sátt við umhverfið: Skipulag gefi kost á uppbyggingu fjarskiptamannvirkja til að tryggja örugg fjarskipti, um leið og gætt verði að áhrifum á náttúru og landslag.

2.7.1 Fjarskipti í skipulagsáætlunum: Skipulagsákvæðanir um fjarskiptamannvirki geri kleift að byggja upp traust fjarskiptakerfi en taki jafnframt tillit til áhrifa á náttúru og landslag.

3.2.2 Hagkvæm uppbygging [þéttbýlisstaða]: Í skipulagsáætlunum sveitarfélaga verði mörkuð stefna um uppbyggingu íbúðar- og atvinnuhúsnæðis sem taki mið af fyrirsjáanlegum þörfum samfélagsins og lýðfræðilegum breytingum til framtíðar. Stuðlað verði að fjölbreyttum húsnæðiskostum, svo sem hvað varðar húsagerðir og stærðir. Tryggt verði fjölbreytt og sveigjanlegt húsnæði sem stuðli að félagslegri fjölbreytni og í því samhengi verði hugað sérstaklega að framboði á húsnæði fyrir alla tekjuhópa.

3.4 Samkeppnishæf samfélög og atvinnulíf: Skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að samkeppnishæfni og eflingu samfélags og atvinnulífs.

3.4.1 Öflugir innviðir: Skipulagsgerð sveitarfélaga stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar, með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og öflugum innviðum. Sérstaklega verði hugað að fjölbreytni atvinnulífs með tilliti til þols gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum. Skipulagsákvæðanir um raforkuflutningsmannvirki geri kleift að tryggja örugga afhendingu raforku, um leið og tekið er tillit til áhrifa á landslag og aðra landnotkun.

3.5 Sjálfbærar samgöngur: Skipulag byggðar og landnotkunar feli í sér samþætta stefnu um byggð og samgöngur með áherslu á greiðar, öruggar og vistvænar samgöngur og fjölbreytta ferðamáta.

3.5.1 Samgöngur innan vinnusóknarsvæða: Skipulagsgerð sveitarfélaga stuðli að greiðum sam-göngum innan skilgreindra vinnusóknar- og þjónustusvæða, með styrkingu byggðar að leiðarljósi. Við skipulag byggðar og samgangna verði miðað við að sem flestir íbúar komist til næsta meginkjarna á innan við einni klukkustund. Skipulag feli einnig í sér stefnu um almennings-sam-göngur. Jafnframt verði mótuð stefna um tengingar milli helstu meginkjarna í samræmi við samgönguáætlun.

3.5.2 Samgöngur í þéttbýli: Sveitarfélög marki í skipulagi samþætta stefnu um byggð og sam-göngur. Áhersla verði lögð á göngu- og hjólavænt um-hverfi og að tvinna saman almennings-sam-göngur og byggðaskipulag. Gatnaskipulag og

	gatnahönnun miði að því að skapa bæjarrými og umferðarrými fyrir akandi, hjólandi og gangandi vegfarendur.
ÖSL	Stuðlað verði að fjölbreyttu atvinnulífi og nýsköpun um allt land í samræmi við Atvinnustefnu fyrir Ísland. Vegfarendur komist leiðar sinnar innan og milli atvinnu- og þjónustusvæða á ódýran, fljótlegan og öruggan hátt. (Þingsályktun um stefnumótandi byggðaaáætlun fyrir árin 2014–2017).
SSK	U1.3 Marka í aðalskipulagi, stefnu um byggð í sveitum sem tekur mið af möguleikum til fjölbreytts atvinnulífs þar, s.s. búskapar, ferðaþjónustu, skógræktar, grænmetisræktunar, smáidnaðar, matvælaframleiðslu, handverks og fjarvinnslu. U3 Landbúnaður, ferðaþjónusta og útivist sé ráðandi landnýting í dreifbýli. U3.1 Viðhalda ræktuðu landi og landi sem hentar vel til ræktunar og beitar, en gera jafnframt ráð fyrir möguleika á frekari framþróun og nýsköpun á býlum, t.d. framleiðslu úr auðlindum svæðisins eða út frá sérkennum þess. Sem dæmi um auðlindir má nefna ber, jurtir, ölkelduvatn og þörungar. U3.2 Skilgreina í aðalskipulagi, vegakerfi, göngu- og reiðleiðir og áningarstaði, á grunni greiningar og stefnu þessa svæðisskipulags. U3.3 Skilgreina í aðalskipulagi, lykilþjónustustaði í dreifbýli, á grunni greiningar og stefnu þessa svæðisskipulags. Þangað verði beint stærri ferðaþjónustueiningum og samfélagsþjónustu fyrir dreifbýli. U14 Matvælaframleiðsla fari fram í beinum og nánum tengslum við náttúruna og með sjálfbæra nýtingu auðlinda að leiðarljósi. Leiðir að markmiði U14.1 Móta stefnu í umhverfis- og skipulagsmálum (aðalskipulagi) sem styður við hlutverk svæðisins sem matvælaframleiðslusvæðis, m.a. með því að gera ráð fyrir að önnur atvinnustarfsemi falli vel að þessu hlutverki og hafi ekki andstæða hagsmuni. U14.2 Tryggja nægt framboð af lóðum, á svæðum sem henta vel undir matvælaframleiðslu. U14.3 Hafa í hávegum snyrtimennsku og góða umgengni á lóðum og opnum svæðum. U14.4 Leitast við að hafa til reiðu svæði þar sem almenningi býðst að rækta eigin matjurtir. U15 Hráefni við strandlengjuna verði nýtt með sjálfbærum hætti. U15.1 Kortleggja strandsvæði m.t.t. verndargildis og nýtingarmöguleika í matvælavinnslu. U16 Verðmætt landbúnaðarland til ræktunar og matvælaframleiðslu varðveitist. U16.1 Kortleggja land m.t.t. möguleika til ýmiss konar ræktunar (þ.m.t. vínrækt, bygg og annað korn) og skipuleggja dreifbýli á grunni þess þannig að lönd sem henta til matvælaframleiðslu séu ekki tekin undir byggð eða annars konar not. U16.2 Kortleggja hlunnindi og marka stefnu um nýtingu með sjálfbærum hætti. U22 Staðarandi Snæfellsness styrkist við umhverfismótun og mannvirkjagerð, en hann einkennist af fjölbreytileika og andstæðum í landslagi og byggð og sterkum tengslum við sjóinn og söguna, allt frá landnámi. Sjá nánar kaflann GRUNNUR – Staðarandi Snæfellsness.

	U22.1 Nýta og útfæra nánar greiningu þessa svæðisskipulags á náttúru, menningu og sögu, staðaranda og „karaktersvæðum“ Snæfellsness, við aðal- og deiliskipulagsgerð. U22.2 Gera grein fyrir, í deiliskipulagi og framkvæmda- og byggingarleyfisumsóknum, hvernig tekið er tillit til staðarandans. U22.3 Sjá einnig markmið og leiðir um landslag sveita og bæja í kafla um LANDSLAG. U23 Ávinningur samfélagsins af ferðalögum um svæðið dreifist sem víðast og komið sé í veg fyrir ofálag á einstaka staði. U23.1 Stuðla að dreifingu ferðamanna sem víðast með því að skipuleggja og kynna ferðaleiðir (göngu-, reið- og hjólaeiðir) og móta áfangastaði um allt svæðið. U23.4 Nýta umhverfismat við aðal- og deiliskipulagsgerð til að koma í veg fyrir álag á viðkvæm svæði og neikvæð áhrif. U23.5 Hafa gott samráð við íbúa um stefnumótun og skipulag og nýta aðal- og deiliskipulagsferlið til að samræma landnotkun og starfsemi og koma í veg fyrir hagsmunaaðrekstra. U24 Uppbygging ferðaleiða og áfangastaða sé markviss út frá lykilþemum í ferðamennsku. Þau þemu eru skilgreind í þessari áætlun, á grunni greiningar á svæðinu, samráðs við vinnuhópa og samhengi við þemu sem þegar er vísir að, ýmist á Vesturlandi sem heild eða á Snæfellsnesi sérstaklega. U24.1 Skilgreina ferðaleiðir, í samvinnu við landeigendur, ferðafélög og aðra hagsmunaaðila, fyrir mismunandi fararmáta (gangandi, hjólandi, ríðandi, akandi, siglandi) fyrir hvert lykilþema (sjá þemu undir markmið A27) og festa í aðal- og deiliskipulagi og/eða kynna á SNÆFELLSNESVEFNUM, eftir því sem við á út frá eðli og umfangi leiðar og hvort um stíg eða veg er að ræða eða einungis merкта leið. Móta stefnuna á grunni heildarúttektar á ferðaleiðum (göngu-, hjóla- og reiðleiðum) sem birtar hafa verið á hinum ýmsum kortum og vefsíðum. Ákveða hvaða leiðir eða hlutar leiða kalla á stígagerð eða aðrar framkvæmdir. U24.2 Skilgreina legu hjólastígs umhverfis Snæfellsnes, festa hann í aðalskipulagi hvers sveitarfélags og gera áætlun um gerð hans og kynningu. Sjá í samhengi við stefnu um GRUNNGERÐ – Stíga. U24.3 Skilgreina gönguleið umhverfis Snæfellsnes með áningarstöðum og merktum leiðum niður að sjó á völdum stöðum. Þannig sé unnt að ganga allan hringinn í nokkrum áföngum. Festa leiðina í aðalskipulagi hvers sveitarfélags og gera áætlun um að gera hana greiðfæra, stíka og kynna. Sjá í samhengi við stefnu um GRUNNGERÐ – Stíga. U24.4 Skilgreina reiðleið umhverfis Snæfellsnes í aðalskipulagi í samvinnu við hagsmunaaðila og kynna hana eftir því sem við á. U24.5 Setja reglur um umferð hjólríðamanna um reiðleiðir. U24.6 Endurhlaða og lagfæra vörður í samvinnu við minjavörð. U25 Vegir, stígar og nettengingar svæðisins þróast í samræmi við þarfir íbúa og fjölgun ferðamanna. U25.1 Bæta vegakerfið og stígakerfið. Sjá markmið og leiðir í kafla um GRUNNGERÐ og markmið um ferðaleiðir, hér í þessum kafla um FERÐALAG. U27 Hreinlætisaðstaða sé fullnægjandi.
--	---

	U27.1 Greina hvar vantar hreinlætisaðstöðu í grennd við ferðamannastaði og vinna að því að leysa það mál. U28 Góð aðstaða fyrir tjöld, fellihýsi, húsbíla og sambærilega gistimáta sé í boði á lykilstöðum á sunnan- og norðanverðu Snæfellsnesi og í austur- og vesturenda þess. U28.1 Gera úttekt á þeim svæðum sem fyrir eru og athuga hvernig hægt sé að efla þau og styrkja og hvar mætti staðsetja ný. Festa staðina í aðalskipulagi hvers sveitarfélags. U29 Meginhringleiðin umhverfis Snæfellsnes og þverun þess um Vatnaleið og Fróðárheiði, sé örugg og greiðfær allan ársins hring. U29.1 Tryggja góðan veg hringinn í kringum Snæfellsnes; um Snæfellsnesveg (nr. 54) að sunnanverðu, síðan um Útnesveg fyrir Jökul (nr. 574) og aftur Snæfellsnesveg að norðanverðu (nr. 54). U29.2 Viðhalda Vatnaleiðinni vel sem aðal- þverun á milli norðan- og sunnanverðs Snæfellsness. U29.4 Tryggja góðan snjómokstur og hálkuvarnir. U30 Tengingar inn á svæðið séu greiðfærar. U31 Tilteknum vegum sé viðhaldið sem ferðamannavegum og þeir útfærðir og kynntir sem slíkir. U31.1 Skilgreina ferðamannavegi í aðalskipulagi og útfæra þá í samvinnu við Vegagerðina og í samráði við hagsmunaaðila. Skilgreina þá sem malarvegi með hægri umferð, útskotum, bílastæðum og áningarstöðum, til að auðvelt sé að staldra við, upplifa og njóta. Hugað verði að mögulegri umferð hjólríðamanna. U33 Höfnum og hafnarsvæðum sé vel við haldið. Við skipulag þeirra sé bæði hugað að hagsmunum hefðbundins sjávarútvegs og að hafnsækinni/ sjávarpengdri tómstundaiðkun og ferðaþjónustu. U33.2 Deiliskipuleggja hafnarsvæðin út frá hlutverki þeirra og þannig að hefðbundinni starfsemi sé tryggt öruggt rými fyrir sín umsvif og leiðir fyrir almenna umferð séu skýrt afmarkaðar. U33.3 Hafnarsvæðum sé vel haldið við og snyrtimennsku gætt. U33.4 Þróa móttöku skemmtiferðaskipa áfram í Grundarfirði. U34 Mögulegt sé að lenda minni flugvélum og þylum á Snæfellsnesi. U34.1 Loka ekki möguleikum á að nýta flugbrautir við Rif og Grundarfjörð. U35 Fjarskiptakerfi séu mjög góð; nettengingar og sjónvarps- og útvarpssendingar. U35.1 Tryggja öflugt og öruggt netsamband um allt Snæfellsnes. Vinna sérstaklega að bættu netkerfi í dreifbýli. U39 Flokkun úrgangs og endurnýting aukist. U39.2 Auka jarðgerð á lífrænum úrgangi. U39.3 Vinna að bættu skipulagi söfnunar og flokkunar og aukinni úrvinnslu og endurnýtingu.
Mats-spurningar	Styður tillagan og styrkir samfélag með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru?
	Tekur tillagan mið af fyrirsjáanlegum húsnaðisþörfum samfélagsins og lýðfræðilegum breytingum til framtíðar? Stuðlar tillagan að fjölbreyttum

	húsnæðiskostum, svo sem hvað varðar húsagerðir og stærðir fyrir alla þjóðfélagshópa?	
	Stuðlar tillagan að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfið? Stuðlar tillagan að nýtingu hlunninda með sjálfbærum hætti? Stuðlar tillagan að því að land sem hentar vel til ræktunar verði almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti?	
	Styður tillagan við hlutverk Snæfellsness sem matvælaframleiðslusvæðis? Tryggir tillagan nægt framboð af lóðum, á svæðum sem henta vel undir matvælaframleiðslu? Veitir tillagan möguleika á svæðum þar sem almenningi býðst að rækta eigin matjurtir?	
	Stuðlar tillagan að eflingu ferðaþjónustu í dreifbýli um leið og gætt er að því að varðveita þau gæði sem eru undirstaða ferðaþjónustu? Stuðlar tillagan að því að ávinningur samfélagsins af ferðalögum um Snæfellsnes dreifist sem víðast og komið sé í veg fyrir ofálag á einstaka staði?	
	Stuðlar tillagan að greiðum, öruggum og vistvænum samgöngum og fjölbreyttum ferðamátum?	
	Stuðlar tillagan að tryggjum fjarskiptum í sátt við náttúru og landslag?	
Útivist og íþróttir		
Aðgengi og möguleikar til útivistar		
Viðmið	LSK	3.3 Gæði hins byggða umhverfis: Stuðlað verði að heilnæmu umhverfi sem veiti góð skilyrði til búsetu og möguleika til fjölbreyttrar útiveru. 3.3.1 ... Einnig verði sérstaklega hugað að almenningsrýmum og útivistarsvæðum með það að markmiði að hvetja til útiveru og hreyfingar, matjurtaræktunar og náttúruupplifunar og varðveita verðmæt náttúrusvæði.
	SSK	U7 Góð aðstaða sé til iðkunar margvíslegra íþróttar. U7.2 Þróa möguleika til að stunda sjöböð á völdum stöðum. U8 Möguleikar til almennrar útivistar; hreyfingar, slökunar og endurnæringar, séu fjölbreyttir. U8.1 Fjölga útivistarstígum í nágrenni þéttbýlis og koma upp áningarstöðum á þeim. U8.2 Skilgreina og merkja megingöngu- og hjólaleiðir utan þéttbýlis og koma upp lykiláningarstöðum á þeim.
Mats-spurningar	Stuðlar tillagan að heilnæmu umhverfi sem veitir möguleika til fjölbreyttrar útiveru?	
	Stuðlar tillagan að góðri aðstöðu til iðkunar margvíslegra íþróttar?	
	Stuðlar tillagan að því að skólalóðir verði vel úr garði gerðar fyrir leik og útiveru og að hönnun þeirra og umhverfismótun verði tengd við sögu og sérkenni Snæfellsness?	
Byggðarmynstur		
Einkenni byggðar, s.s. þéttleiki og yfirbragð, tengsl við þjónustu og opin svæði		

Viðmið	LSK	3.1 Heildstætt búsetumynstur og jafnvægi í byggðapróun: Skipulag byggðar og þróun þéttbýlis stuðli að samkeppnishæfni og þoli samfélags í einstökum landshlutum og á landinu í heild. 3.2 Sjálfbært skipulag þéttbýlis: Skipulag byggðar stuðli að sjálfbærri þróun þéttbýlisstaða með þéttri, samfelldri byggð, endurskipulagningu vannýttra svæða og eflingu nærsamfélags. Uppbygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis verði í samræmi við þarfir samfélagsins á hverjum tíma og til framtíðar. 3.2.1 Vöxtur þéttbýlisstaða: Sveitarfélög skilgreini í aðalskipulagi vaxtarmörk þéttbýlisstaða með það fyrir augum að efla viðkomandi þéttbýlisstað og standa vörð um verðmæt náttúrusvæði og landbúnaðarland. Skýr skil verði milli þéttbýlis og dreifbýlis. Almennt verði haft að leiðarljósi að þetta byggð og blanda atvinnustarfsemi, verslun og þjónustu, og tengja við íbúðarbyggð í þágu sjálfbærni daglegs lífs og aukinna lífsgæða.
	SSK	U1. Byggð í þéttbýli og dreifbýli þjóni íbúum sem best um leið og hún er áhugaverð fyrir ferðamenn. U1.1 Móta þetta og lágreista byggð í þéttbýli sem tekur mið af landslagi, fyllir í eyður í götulínum og nýtir vel gatna- og lagnakerfi sem fyrir eru.
Mats-spurningar		Stuðlar tillagan að sjálfbærri þróun þéttbýlisstaða með þéttri, samfelldri byggð, endurskipulagningu vannýttra svæða og eflingu nærsamfélags? Stuðlar tillagan að því að þetta byggð og blanda atvinnustarfsemi, verslun og þjónustu, og tengja við íbúðarbyggð í þágu sjálfbærni daglegs lífs og aukinna lífsgæða? Skilgreinir tillagan vaxtarmörk þéttbýlis með það fyrir augum að efla það og standa vörð um verðmæt náttúrusvæði og landbúnaðarland?